



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

## „Ef þú ríðr eigi skjótt á brott, skal ek slá annan við eyra þér“

Paródían í Finnboga sögu ramma.  
Var sagnahefðinni markvisst beitt  
gegn sjálfri sér?

Ritgerð til B.A.-prófs

Hjördís Kvaran Einarsdóttir

September 2009

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Íslenska**

**„Ef þú ríðr eigi skjótt á brott,  
skal ek slá annan við eyra þér“**

Paródían í Finnboga sögu ramma.  
Var sagnahefðinni markvisst beitt  
gegn sjálfri sér?

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Hjördís Kvaran Einarsdóttir**

**Kt.: 211270-3149**

**Leiðbeinandi: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir**

**September 2009**

# Efnisyfirlit

<b>0 Inngangur .....</b>	<b>3</b>
<b>1 Var sagnahefðinni markvisst beitt gegn sjálfri sér? .....</b>	<b>4</b>
1.1 Varðveisla sögunnar .....	4
1.2 Segir sagan frá sönnum atburðum? .....	4
1.3 Hversvegna var sagan skrifuð? .....	6
1.4 Þurfti ekki meira til? .....	9
<b>2 Skilgreining á paródíu, íróníu og grótesku .....</b>	<b>13</b>
2.1 Paródía .....	13
2.2 Írónía .....	14
2.3 Gróteska .....	15
<b>3 Paródían í Finnboga sögu.....</b>	<b>17</b>
3.1 Af uppvexti Urðarkattar .....	17
3.2 Syrpa og Gestur í Tóptum .....	17
3.3 Þáttur Þorgeirs Ljósvetningagoða .....	20
3.4 Hrafn hinn litli .....	23
3.5 Álfur afturkempa .....	24
3.6 Hákon jarl .....	26
3.7 Jökull Ingimundarson .....	28
3.8 Brandur hinn örvi og hetjan Finnbogi .....	31
<b>4 Niðurstöður .....</b>	<b>34</b>
<b>Viðauki – söguþráður Finnboga sögu .....</b>	<b>35</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>37</b>

## 0. Inngangur

Öllum finnst gaman að hlusta á skemmtilega sögu. Í gegnum sögur hefur ótal kynslóðum verið kennt á lífið. Að segja sögu er sárafjálft atferli og manningnum er eðlilegt að segja sögu en hún getur haft annan tilgang en þann einan að vera til skemmtunar og afþreyingar.

‘Höfundur’<sup>1</sup> Finnboga sögu liggur ekki á liði sínu þegar kemur að því að segja skemmtilega sögu. Hann veit nákvæmlega hvað hann er að gera. Finnbogi er mestur og bestur, hin sanna hetja. Efnið er vissulega víða að komið, það er augljóst. Í sögunni er mikið um leik að minnum og einkennum eldri sagna og jafnvel sækir hún þætti í samtíð höfundar.

Sagan hefur löngum þótt ein af ‘síðri’ Íslendingasögunum. Ekki hefur mikið verið skrifað um hana á akademísku sviði og endurspeglar það hve lítilsigld hún hefur þótt vera. Ein af ástæðum þess að hún hefur þótt svo lítils virði er að hún tekur sjálfa sig ekki of alvarlega, miklum ýkjusögum fer fram í henni og er greinilegt að hún er náskyld fornaldar-, riddara- og ævintýrasögum.

Í þessari ritgerð er ætlunin að sýna fram á að sagan er nákvæmlega eins og henni var ætlað að vera. Sjónum verður fyrst og fremst beint að paródíunni í henni og hún greind að því marki sem efni og ástæður leyfa. Um leið verður þeirri spurningu svarað hvort höfundur hafi vísvitandi og markvisst skrifað söguna eins og hún er til þess að beita sagnahefðinni gegn sjálfri sér – í samfélagi sem hafði nýverið tekið stórkostlegum breytingum við að gangast Noregskonungi á hönd með Gamla sáttmála 1262 og með tilkomu lögbókarinnar Járnsíðu sem lögtekin var 1271. Brjóta varð upp gamlar rótgrónar hefðir og ryðja nýjum braut og hér verður því haldið fram að það hafi m.a. verið gert með því að snúa sagnahefðinni, djásni Íslendinga, upp á móti sjálfri sér og gera hana að aðhláturselfni.

Niðurskipan efnis í ritgerðinni er þannig að í 1. kafla eru rannsóknarspurningin, varðveislusaga Finnboga sögu og sannleiksgildi hennar reifuð. Í 2. kafla er gerð grein fyrir þeim hugmyndum um paródíu, íróníu og grótesku, sem tekið er mið af við túlkun og greiningu. Í 3. kafla er ljósi varpað á paródíu sögunnar með því að greina nokkrar persónur hennar. Að lokum er gerð grein fyrir niðurstöðum í 4. kafla. Í viðauka með ritgerðinni er stiklað á stóru í söguþræði sögunnar.

---

<sup>1</sup> Í þessari ritgerð er hugtakið höfundur notað um þann sem endanlega skrásetti söguna í þeirri mynd sem hún hefur borist til nútímamanna.

# 1 Var sagnahefðinni markvisst beitt gegn sjálfri sér?

## 1.1 Varðveisla sögunnar

Þau skinnhandrit sem til eru af Finnboga sögu eru talin skrifuð tiltölulega seint á mælikvarða ritunartíma Íslendingasagnanna.<sup>2</sup> Hún er aðeins varðveitt í þremur skinnhandritum, Möðruvallabók AM 132 folio, Tómasarbók AM 410 4to handriti sem talið er runnið frá Möðruvallabók og brotinu AM 162 C folio. Auk þess er sagan til í 24 pappírshandritum í Landsbókasafni. Möðruvallabókargerð sögunnar er elsta varðveitta handrit hennar.

Árið 1812 gaf E.C. Werlauff Finnboga sögu ramma út á prenti í fyrsta skipti. Bókin kom út í Kaupmannahöfn, var gefin út eftir Möðruvallabók og var prentuð með Vatnsdælasögu. Árið 1860 kom hún fyrst út á prenti á Íslandi undir stjórn Sveins Skúlasonar; hann byggði á útgáfu Werlauffs.

Sagt er frá sömu atburðum, samskiptum Finnboga Ásbjarnarsonar hins ramma og Ingimundarsona, sem voru synir Ingimundar hins gamla og höfðingja á Hofi í Vatnsdal, bæði í Finnboga sögu og Vatnsdæla sögu, og ber nokkuð á milli eftir því hver segir söguna.<sup>3</sup> Finnboga er einnig getið í Landnámu og Íslendingadrápu Hauks Valdimarssonar og þar fyrir utan ber heil jörð í Trékyllisvík í Strandasýslu nafn hans, Finnbogastaðir. Rímur hafa verið ortar um afrek Finnboga og eins er til kvæði um hann í Færeyjum.

## 1.2 Segir sagan frá sönnum atburðum?

Auðvitað er ógjörningur að svara spurningunni sem sett er fram í heiti kaflans, til þess er allt of langt um liðið síðan Finnboga saga var skrifuð og allt of lítið vitað um hvað höfundi hennar gekk til. Hins vegar má leika sér að því að finna hugsanlega og skiljanlega skýringu á því.

Það skiptir í sjálfu sér litlu sem engu hvort Finnbogi hinn rammi var raunverulega til, a.m.k. eins og honum er lýst í sögunni. Hugsanlegt er að uppi hafi „[...] verið maður, sem nefndist Finnbogi hinn rammi, var ættaður úr Flateyjardal, en hefur sennilega búið í Víðidal“<sup>4</sup>, hans er getið á það mörgum stöðum, eins og komið var inn á í kafla 1.1, en

<sup>2</sup> Þessi umfjöllun um varðveislu Finnboga sögu er byggð á BA-ritgerð Soffíu Guðnýjar Guðmundsdóttur frá árinu 2002: „Innviðir Finnboga sögu“, og er aðeins útdráttur þar sem tæpt er á því helsta. Soffía Guðný gerði varðveislu-, útgáfu- og rannsóknarsögu sögunnar mjög góð skil í ritgerð sinni og skal vísað til hennar.

<sup>3</sup> Ekki verður tekin sérstök afstaða til þessa mismunar frásagnanna í ritgerðinni. Ásdís Haraldsdóttir gerði samanburði á sögunum góð skil í BA-ritgerð sinni frá árinu 1980: „Samskipti Finnboga ramma og Ingimundarsona í Finnboga sögu annars vegar og Vatnsdæla sögu hins vegar“, og skal vísað til hennar.

<sup>4</sup> Jóhannes Halldórsson: Formáli. *Íslensk fornrit* XIV. bindi: *Finnboga saga*. Rvík, 1959, bls: LXV.

auðvitað er ekkert er vitað með fullkominni vissu. Sem mótrök gegn þessu hefur Gísli Sigurðsson sagt að ekki sé hægt:

[...] að gera ráð fyrir hinum raunverulega Finnboga sem á að hafa verið uppi á 10. öld vegna þess að hans er getið í Landnámu og Íslendingadrápu. Sú staðreynd að þessi maður er nefndur víðar en í einni sögu sannar hins vegar ekkert um raunverulegan mann á Íslandi á 10. öld heldur sýnir hún aðeins að á 12. og 13. öld voru sagðar ýmsar sögur um þennan mann, uppruna hans og hetjudáðir, án þess að þeim hafi endilega borið saman um tímatal, ættfærslur og einstök atriði.<sup>5</sup>

Helgi Þorláksson hefur velt upp þeirri áhugaverðu hugmynd hvort Gissur galli (1269-1370) sé að einhverju leyti fyrirmynd Finnboga. Hann telur að Finnbogi, Búi Andriðarson og Þórður hreða séu allir að hluta til byggðir á ævintýrum þessa manns sem uppi var í Víðidal á 13. öld.<sup>6</sup> Í Íslendingasögu Jóns Jóhannessonar segir um Gissur:

Engar sögur fara af Gizuri galla, fyrr en hann var um 37 ára gamall, en þá lenti hann um nokkurra ára skeið í ýmsum ævintýrum, sem hefðu mátt verða ærið efni í Íslendingasögu, ef nokkrum hefði dottið í hug að færa hana í letur, meðan atburðirnir voru í fersku minni.<sup>7</sup>

En hvað ef einmitt það var nú gert á óbeinan hátt? Helgi leiðir í grein sinni líkum að því að líf þessa manns hafi verið fyrirmynd að Finnboga hvað varðar þann hluta sögunnar sem gerist í Noregi. Gissur varð manni að bana hér á landi árið 1306 og þurfti að fara utan tveimur árum seinna á fund Hákonar háleggs Magnússonar til þess að leita náðar hjá honum.<sup>8</sup> Þessi ferð hans er í samræmi við ákvæði Járnsíðu sem lögtekin var hér á landi árin 1271<sup>9</sup> í beinu framhaldi af samþykkt Gamla sáttmála og yfirtöku Noregskonungs á Íslandi. Samkvæmt henni komst á sú regla „að konungur gerðist sjálfkrafa vígsakaraðili, vígsmál sem voru einkamál urðu opinber og konungur gerðist auk þess aðili flestra sakamála.“<sup>10</sup> Gissur náði sáttum við konung og varð hirðmaður hans. Konungur sendi hann til Finnmerkur í skattheimtu sem gekk vel. Gissur kemur heim, lendir í deilum við kaupmenn á Gásum í Eyjafirði, fer til Noregs eftir það og í leiðangur fyrir konung til Svíþjóðar. Hann lenti þar í hrakningum og var handtekinn en var leystur úr haldi af Hákonni Noregskonungi sem lést skömmu síðar. Eftir lát konungs býr Gissur heima að Víðidalstungu og hafði nokkuð sína hentisemi á því sem honum sýnist t.d. með skattgreiðslur. Víðidalur þessi er sá

<sup>5</sup> Gísli Sigurðsson: „Aðrir áheyrendur - önnur saga? Um ólíkar frásagnir Vatnsdælu og Finnboga sögu af sömu atburðum“. *Skáldskaparmál* 3. 1993, bls. 35.

<sup>6</sup> Helgi Þorláksson: „Konungsvald og hefnd“ *Sagas and the Norwegian Experience, Sagaene og Noreg. 10th International Saga Conference.* 1997, bls. 255.

<sup>7</sup> Jón Jóhannesson: *Íslendingasaga II. bindi.* Rvík, 1958, bls. 303.

<sup>8</sup> *Íslendingasaga II. bindi,* bls. 304.

<sup>9</sup> *Konungsvald og hefnd,* bls. 250.

<sup>10</sup> *Konungsvald og hefnd,* bls. 250.

hinn sami og getið er í Finnboga sögu. Synir Gissurar voru nefndir Hákon og Magnús, sem sýnir kærleika hans til konungs, og sonur Hákonar var Jón sá hinn sami og lét rita Flateyjarbók og Vatnshyrnu.<sup>11</sup> Það eitt og sér er athyglisverð staðreynd þegar hugmyndin um tengsl Gissurar og Finnboga er skoðuð.

Helgi tengir hugmynd sína fæðardeilum en með Gamla sáttmála komst áður nefnd regla um vígsakarmál á með lögbókinni Járnsíðu. En gátu menn lagt niður hefndarvíg og aðrar áþekkar hefðir eins og hendi væri veifað þrátt fyrir ný lög og konungsvald?

### 1.3 Hversvegna var sagan skrifuð?

Það er augljóst þegar sagan af Finnboga ramma er lesin að höfundur hennar er einstaklega húmorískur, svo mjög að oftast en ekki leiftrar sagan af óborganlegum húmor. Kímnin leynist víða og er augljóst að höfundur sögunnar er leynt og ljóst að gera grín að söguhetjum, umhverfi sögunnar og hreinlega söguhefðinni eins og hún leggur sig.

Finnboga saga hefur ekki verið hátt skrifuð meðal fræðimanna og áberandi lítið skrifað um hana. Hún hefur iðulega verið flokkuð með „síðri“ sögunum og talin vera frekar ung og undir miklum áhrifum frá fornaldar-, riddara- og ýkjusögum.<sup>12</sup> Einmitt þessvegna vekur það furðu manna að hún skuli vera í Möðruvallabók sem er talin skrifuð snemma á 14. öld og er „langstærsta og mikilvægasta handrit Íslendingasagna“.<sup>13</sup> Safnritið sem sagan er varðveitt í vekur lesendur til umhugsunar um hvort ekki hafi eitthvað annað og meira búið að baki því að sagan var skrifuð, eins og hér verður rakið á eftir.

En víkjum aftur að spurningunni um afhverju sagan var skrifuð og hinni hvort hún hafi verið skrifuð með það að leiðarljósi að stefna henni gegn sagnarituninni sem hefð.

Viðar Hreinsson segir í umfjöllun sinni um annan ramman mann, Gretti:

Það má kalla það skáldskaparvitund í frásögnum þegar höfundur verður virkur og skapandi á meðvitaðan hátt í stað þess að vera óvirkur miðlari fyrirfram mótaðs efnis, vinnur úr efninu á sínum eigin listrænu forsendum og rýfur þar með beina skírskotun til einhvers ytri áþreifanlegs eða sögulegs veruleika. Þetta er eitt skref í átt til svokallaðrar skáldsöguvitundar, þegar höfundur skýtur tvíræðni og íróníu á milli verks og veruleika, ummyndar að eigin geðþótta þann veruleika sem hann lýsir, hann bregður fyrir sig ólíkindalátum og er ekki lengur þar sem hann er séður.<sup>14</sup>

Viðar heldur áfram í grein sinni og segir um þróun ritunar Íslendingasagna:

<sup>11</sup> *Íslendingasaga II. bindi*, bls. 308.

<sup>12</sup> Sjá t.d.: Sigurður Nordal: „*Um íslenskar fornögur*“, Rvík, 1968, t.d. bls. 156 og áfram og 167-8. Sigurður setur Finnboga sögu í fimmta flokk af fimm og eyðir ekki miklu púðri í þær sögur „þar sem hvorki leikur mikill vafi á aldri þeirra né uppruna.“

<sup>13</sup> Stofnun Árna Magnússonar, ams.is. Sótt 13. ágúst 2009.

<sup>14</sup> Viðar Hreinsson: „Hver er þessi Grettir?“, *Skáldskaparmál 2*, 1992, bls. 80.

Við upphaf sagnaritunar var um að ræða tiltölulega bein veruleikatengsl, miðað við sjálfsskilning sagnamanna og sagnaritara. Hin þurra skráning þess sem menn töldu staðreyndir í *Íslendingabók* og *Landnámu* leyfði litla stílfærslu, meðvitaða, skáldlega úrvinnslu eða dulda skírskotun til samtímans. Menn voru bundnir því efni sem þeir vildu koma til skila óbrengruðu. Þegar leið á ritun Íslendingasagna fóru menn einmitt að leyfa sér slíka úrvinnslu og notfæra sér þá fjarlægð sem fólst í aðstæðunum. Þegar sagnaritarar höfðu rituð verk fyrirrennara sinna til hliðsjónar gat varla hjá því farið að þeir hugleiddu bæði efnið og miðlun þess og uppgötvuðu nýja möguleika. Menn gerðu sér meiri grein fyrir merkingarmöguleikum þeirra heima sem þeir drógu upp í sögum og fléttuðu t.d. inn boðskap. Skáldskapur sem slíkur var ekki útilokaður á miðöldum þó hann væri ýmsum takmörkunum háður og þyrfti einhverja æðri réttlætingu tilveru sinnar.<sup>15</sup>

Jón Karl Helgason kemst einnig listilega vel að orði um þetta efni þegar hann segir einfaldlega, í túlkun sinni á orðum Halldórs Laxness um sannleiksgildi fornþókmenntanna:

Er ekki kominn tími til að [...] viðurkenna að á bak við frásagnir fornsagnanna stóðu merkir rithöfundar (þroskaðir heilar) sem kunnu öðrum betur þá list að semja sefjandi sögu?<sup>16</sup>

Þegar Finnboga saga er skrifuð í Möðruvallabók hefur tíðkast í alllangan tíma að skrifa gamlar sögur sem segja frá landnemum Íslands, fjölskyldum þeirra og lífi bæði í heiðnum sið og kristnum. Það er því ekki ósennilegt að við þetta verk, að skrifa handrit, hafi myndast ákveðinn ‘skóli’. Að alist hafi upp stétt manna sem lærði af lærimeisturum sínum, ekki bara handtökin við hvernig ætti að búa til handrit, heldur einnig hvernig ætti að segja frá. Í dag er þetta kallað Íslendingasagnastíll,<sup>17</sup> stíllinn er einmitt svo afgerandi að hann hefur fengið sitt eigið nafn innan fræðanna. Þegar frá líður hefur hefðin sem myndast við þessi skrif fest sig í sessi og því er það þannig að:

Þegar tiltekið frásagnarform tekur að festast í klisju, er skrifuð skáldsaga sem skopstællir það, og vísar leið til nýrra landvinninga. Þetta [...] áleit rússneski fræðimaðurinn Mikhail Bakhtin eitt höfuðeinkenni skáldsögunnar.<sup>18</sup>

Á ritunartíma Íslendingasagnanna hljóta að hafa myndast hefðir og venjur um þessa hluti eins og annað sem viðgengst í svo langan tíma og á 14. öld er staðan orðin sú að:

Tími og rúm sagnanna skipta minna máli, fornaldarsögurnar gerast í nánast óhlutbundnum tíma og rúmi. Sögusvið hinna yngri Íslendingasagna verður hlutlausara, nánast hefðbundinn rammi. Þetta hefur verið talin vond þróun, en

<sup>15</sup> *Hver er þessi Grettir?*, bls. 84.

<sup>16</sup> Jón Karl Helgason: *Hetjan og höfundurinn. Brot úr íslenskri menningarsögu*. Rvík 1998, bls. 19.

<sup>17</sup> Vésteinn Ólason: *Samræður við söguöld. Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd*. Rvík 1998, bls. 78 og áfram.

<sup>18</sup> Halldór Guðmundsson: „Skáldsöguvitund í Íslendingasögum“, *Skáldskaparmál 1*, 1990, bls. 64.



svo er þó ekki, því þar kemur hitt atriðið til, höfundurinn verður virkari og ágangari sem mótandi afl. Í þessu felast nær ótæmandi skáldskaparmöguleikar.<sup>19</sup>

Staðan er einfaldlega orðin sú að „höfundur getur gefið hefðinni langt nef vegna þess að hann hefur þekkinguna á sínu valdi“<sup>20</sup> og fyrir vikið eru honum allir vegir færir.

Ekkert er vitað með vissu afhverju einmitt þetta efni, Íslendingasögurnar, voru skrifaðar hér á landi og á íslensku en ekki latínu. Það eina sem menn vita er að handritin voru skrifuð af mikilli elju og það um nokkurra alda tímabil. Val á söguefni virðist benda til þess, eftir að lög, trúarlega texta og annað þessháttar þraut, að hugur manna hafi verið hjá hetjunni forföður þeirra og afrekum hans, sönnnum eða upplognum. Fyrst þessar sögur voru færðar í letur hljóta þær að hafa gengið í munnlegri geymd manna á meðal við dagleg störf og haft mikil áhrif á fólk og hvernig það skilgreindi sjálft sig. Miðað við hve dýrt var að framleiða handrit, erfitt og tímafrekt, hlýtur efnisvalið að hafa eitthvað að segja um hugarheim þeirra sem lifðu á þessum tíma. Þetta voru spennusögur síns tíma og höfðu því mikið skemmtanagildi og ekki var verra fyrir áheyrandann að vera kannski afkomandi söguhetjunnar. Vésteinn Ólason segir í umfjöllun sinni um 14. aldar sögurnar:

Sögurnar eru nú hreinni skemmtisögur en fyrr. Á 14. öld hefur tilveran verið í fastari skorðum en áður og örlög manna í hendi guðs og konungs, sem báðir voru utan seilingar og óhagganlegir.<sup>21</sup>

En var það svo þó að örlög manna væru í höndum fjarlægs valds að tilvera þeirra væri í eitthvað fastari skorðum? Aldeilis ekki. Með Gamla sáttmála og Járnsíðu urðu miklar og róttækar breytingar á öllu samfélagi á Íslandi, aðallega af því að nú var kominn konungur yfir landið sem hafði úrslitavald um allt sem þar gerðist. Þó konungur hefði ekki mjög sterk ítök í landinu varð það nokkuð snemma að reglu að menn máttu ekki ganga um og drepa þá sem þeir áttu í útistöðum við til þess að verja heiður sinn og sóma – þó ekki gengi vel að sannfæra landsmenn um að þeir ættu að láta af slíku háttalagi eins og saga Gissurar galla sýnir. Efnadir menn gátu farið á fund konungs og óskað eftir náðun, hinir efnaminni reyndu frekar að leyna drápinu og voru þá orðnir morðingjar sem enga von áttu um náðun.<sup>22</sup> Hefndarskyldan var fólkinu í blóð borin og mikil óöld, Sturlungaöld, var nýliðin. Fólkið leit upp til sagnanna um forfeður sína og sótti þangað kjark og fyrirmynd. Í raun var sáralítið breytt hvað þennan hugsanagang varðar frá því á landnámsöld, þrátt fyrir

<sup>19</sup> *Hver er þessi Grettir?*, bls. 85-86.

<sup>20</sup> Sigríður Steinbjörnsdóttir: „Hetja á horfðu sviði. Athugun á hetjuímynd Finnþoga sögu ramma“, *Óútgefin ritgerð*, bls. 4. Sigríður sýnir fram á það í þessari ritgerð að Finnþoga saga sé að miklu leyti skopstæling á hetjuímyndum eldri Íslendingasagna.

<sup>21</sup> *Samræður við söguöld. Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd*, bls. 182-3.

<sup>22</sup> *Konungsvald og hefnd*, bls. 253.

kristnitökuna og nýja strauma sem henni hefðu átt að fylgja og verða vart mun fyrr hér á landi.

Hvað var til ráða? Hvernig átti að brjóta upp þessa aldagömlu rótgrónu hefð heiðurs og hefndar, hetjudýrkunar og aðdáunar á forfeðrunum sem var svo djúpstæð í sálarlífi þjóðarinnar? Hvernig átti að koma því til leiðar að þjóðin hlýddi ekki bara hinum nýja konungi sínum heldur virti einnig þau trúarbrögð og þá trú sem hún þó hafði jástast síðustu tæp þrjúhundruð árin eða svo en aldrei að fullu meðtekið? Soffía Guðný Guðmundsdóttir gerir þessu atriði góð skil í ritgerð sinni um Finnboga sögu:

Við sögulok hefur höfundur Finnboga sögu lokið ætlunarverki sínu. Hann hefur skapað hetju sem, þrátt fyrir að lenda sífellt á skjön við samfélag sitt, nær í krafti sjálfs síns en með fulltingi upplags síns, ættar, stéttar og kristinna gilda að sigrast á öllum prófraunum sem fyrir hann eru lagðar. Slíkur maður getur með sönnu kallast verðug hetjuímynd hins nýja samfélags sem við tók, eftir að Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd árið 1263. Í kjölfar þess urðu töluverðar breytingar á samfélagsgerð og lögum landsins, en þá þegar höfðu landsmenn gengið í gegnum breytingar á gildismati sínu og heimsmynd í kjölfar kristnitökunnar.<sup>23</sup>

Soffía Guðný rekur vel það stóra hlutverk sem hún segir Finnboga sögu sé ætlað, að ýta undir og auðvelda yfirtöku Noregskonungs á Íslandi og festa kristnina enn betur í sessi en orðið var, til þess meðal annars að hjálpa konungi að stjórna landinu og að landsmenn láti af óaldartilburðum sínum sem ekki voru konungi þóknanlegir.

En má engu bæta við þessa skilgreiningu? Nægði landsmönnum að heyra Finnboga sögu, þessa nýju útgáfu af Íslendingasögum sem boðar kristna fyrirgefningu og byggir upp nýja hetjuímynd í konungsveldi? Hetjuímynd þess sem réttir hægri vangann sé hann sleginn á þann vinstri, dregur sig í hlé og reynir að slíðra sverðin? Hvað með hinn óbreytta mann, sem kannski var lítt fróður um smáatriði alls þess sem gekk á í umhverfi hans og þær breytingar sem áttu sér stað – hverju myndi hann trúa? Var hann líklegur til þess að „selja“ aðdáun sína á forfeðrum sínum og hetjum, heiðri og sóma, fyrir auðmjúka fyrirgefningu og undirgefni?

#### 1.4 Þurfti ekki meira til?

Vissulega þurfti meira til og í því felst snilld Finnboga sögu. Hún er skrifuð til þess að ráðast að og aftigna hið helga vé, sagnahefðina, sem viðhélt hinni fornu hetjuímynd forfeðranna í hugum landsmanna. Það liggur í augum uppi að sé gert grín að viðurkenndri hefð þá verður hún hjákátleg í augum samfélagsins og missir um leið þá stöðu sem hún

<sup>23</sup> Soffía Guðný Guðmundsdóttir: *Innviðir Finnboga sögu*. Rvík 2002, bls. 42.

hafði áður, hún er dregin niður á sama plan og tilveran og aftignuð.<sup>24</sup> Er ekki hugsanlegt að það hafi verið meðvituð ákvörðun þess sem setti söguna saman að láta hana sjálfa sjá um aftignun hetjunnar, forföðurins, og gera hann hlægilegan?

Gísli Sigurðsson segir um muninn á Finnboga sögu og Vatnsdæla sögu að vissulega séu: „listræn tók og framsetning með allt öðrum hætti í Vatnsdæla sögu en Finnboga sögu“ og rekur í kjölfarið muninn á þessu tvennu í sögunum. Ástæðan er augljós. Vatnsdæla er skrifuð nokkuð fyrr eða á síðari hluta 13. aldar<sup>25</sup> og í allt öðru samfélagi en Finnboga saga og hreinlega af allt öðrum hvötum. Finnboga sögu er ekki ætlað að vera listræn, henni er ætlað að brjóta á hefðinni.

Í umfjöllun sinni um Ynglingatal segir Svanhildur Óskarsdóttir um grótesku Bakthins og hvaða tókum munkar tóku hana, að:

Munkar sneru út úr þeim ritum sem þeir annars börðust við að tileinka sér, það var snúið út úr litúrgíunni, guðspjöllum, helstu borðbænum, sálum, erfðaskrá og grafskriftum.<sup>26</sup>

Fyrst munkar gátu leyft sér að haga sér svona gagnvart t.d. guðs orði, er alls ekki úr vegi að annaðhvort þeir sjálfir eða skrifarar sæju sér leik á borði og gerðu slíkt hið sama gagnvart sagnahefðinni. Kannski ekki á hinn karnivalíska máta en þó með sömu formerkjum, hið háleita er gert jarðneskt, hetjan er aftignuð.

Eins og áður hefur verið komið inn á leiftrar sagan af húmor út í gegn og virðist einhvernveginn eitthvað nýtt bera á góma við hvern lestur. Það er ekki nóg með að sagt sé frá spaugilegum atvikum sem eru augljós á yfirborðinu heldur leynist mikill húmor „á bak við“ söguna eins og venjan er með paródíu.

Helga Kress bendir, í umfjöllun sinni um Fóstbræðrasögu, á „þá tilhneigingu fræðimanna að taka allt bókstaflega sem stendur í Íslendingasögum og láta grín þeirra fram hjá sér fara“.<sup>27</sup> Ennfremur segir Bergljót Kristjánsdóttir um sama efni, í umfjöllun sinni um Kappakvæði Steinunnar Finnsdóttur, að í sögu bókmenntanna séu „ófá dæmi um að menn hafi ekki hlegið þar sem til þess var ætlast og lesið íróníu og paródíu sem alvöru“.<sup>28</sup> Eru þetta orð að sönnu hjá þeim báðum, alltof oft blasir húmorinn við lesendunum en það er eins og þeir taki ekki eftir honum. Skrifaðar hafa verið a.m.k. þrjár

<sup>24</sup> Sjá tilvísanir 40 og 55 og umfjöllun um Bakthin og aftignun í 2. kafla.

<sup>25</sup> Einar Ólafur Sveinsson: Formáli. *Íslensk fornrit VIII*. bindi: *Vatnsdæla saga*. Rvík, 1954, kafla 5.

<sup>26</sup> Svanhildur Óskarsdóttir: „Dáið þér Ynglinga? Gróteskar hneigðir Þjóðólfs úr Hvini“, *Sagnaþing, síðari hluti* 1994, bls. 765.

<sup>27</sup> Helga Kress: „Bróklindi Falgeirs“, *Skírnir*. Haust 1987, bls. 280.

<sup>28</sup> Bergljót Soffía Kristjánsdóttir: „Egill lítt nam skilja ...“, *Um hetjukvæði Steinunnar Finnsdóttur*, *Skírnir*. Vor 1998, bls. 81-82.

íslenskar akademískar prófritgerðir um Finnboga sögu, hver annarri betri á sinn hátt, þar sem varla er nefnt einu orði að kímni sé að finna í sögunni.

En Helga Kress segir einnig um Fóstbræðra sögu sérstaklega að „mikill og að því er virðist almennur áhugi á gróteskri skemmtun“ komi fyrir í frásögninni og „ekki virðist það spilla að það er höfðingi sem fyrir háðinu verður“.<sup>29</sup> Þessi orð má hæglega heimfæra upp á Finnboga sögu og á sama hátt má færa upp á hana orð Bergljótar Kristjánsdóttur um að háðsádeilan „gagnrýnir [...] samtíð sína, ekki síst tiltekna þjóðfélagsgerð og menningu með háðið, *íróníuna*, að vopni“.<sup>30</sup>

Auðvitað er höfundurinn vísvitandi að koma að húmor og gamansemi, sérstaklega þegar komið er fram á þann tíma sem Finnboga saga er skrifuð á því „[f]yrir hinn síðbúna sagnaritara er frásagnarhefðin og eldri sögur eitthvað sem hann getur skoðað úr fjarlægð, skopstælt og leikið sér með“.<sup>31</sup> Það er nákvæmlega það sem höfundur sögunnar gerir á svo snilldarlegan hátt. Hann snýr hefðinni á hvolf. Í umfjöllun sinni um klausurnar í Fóstbræðrasögu segir Helga Kress:

[...] að klausurnar séu ekki til komnar fyrir ómeðvituð áhrif eða klaufaskap höfundar, heldur séu þær vísvitandi stílbragð í sögunni og gegni því hluverki að varpa skoplegu ljósi á hetjurnar og hetjudáðir þeirra.<sup>32</sup>

Auðveldlega má heimfæra þessi ummæli Helgu upp á stílinn í Finnboga sögu. Sagan hefur að geyma endalausar tilvísanir í hinar eldri og „betri“ sögur eins og Eglu og Njálu en líka í hinar yngri og „síðri“ eins og Grettlu, Fóstbræðra sögu og Kjalnesinga sögu.<sup>33</sup> Þessi leikur með minni og einkenni eldri sagnanna jafnt sem þeirra yngri er stöðugur í sögunni og virðist vera settur inn í textann til þess eins að sýna hetjuna í spaugilegu ljósi.

Sagan af Finnboga ramma er út í gegn paródía og háð. Hún hæðist að fortíðinni, hetjuímynd hennar og hugmyndum um heiður og hefnd. Hún hæðist að því samfélagi sem

<sup>29</sup> *Bróklindi Falgeirs*, bls. 278.

<sup>30</sup> Bergljót Soffía Kristjánsdóttir: „... hvers leitar skiftíngur þinn í rassgörn þessari?“ Fáeinar athugasemdir um skáld, skáldskap, háð og spé í Gerplu“, *Heimur skáldsögunnar*, bls. 80.

<sup>31</sup> *Hver er þessi Grettir?*, bls. 86.

<sup>32</sup> *Bróklindi Falgeirs*, bls. 275.

<sup>33</sup> Egill er rammur að afli strax í bernsku og honum lýst á svipaðan hátt og Finnboga – 3 ára á við 6 ára og 6 ára á við 12 ára. Egill berst við björn eins og Finnbogi og kemur einnig eitt sinn hundblautur, hrímaður og ægilegur af sundi að ókunnu húsi. Egill gengur á hölm við mikinn berserk, Ljót, en Finnbogi við mikinn blámann. Egill reisir níðstöng, Finnboga er reist níðstöng. Spjótsoddar sjást úr fjarlægð fyrir orrustuna við Knafahóla í Njálu, svipað minni er um fyrirsát Jökuls í Finnboga sögu. Í Gunnlaugs sögu ormstungu og eins í Ólafs sögu Tryggvasonar er ætterni barnanna, Helgu og Ólafs, á hreinu í augum þess sem til þekkir og þau þekkjast á því á sama hátt og Finnbogi. Finnbogi þreytir aflraun þar sem miklir steinar koma við sögu líkt og Grettir í Grettlu. Kolbítsminnið er til staðar í Finnboga sögu líkt og í Kjalnesinga sögu. Gjörningaveður og menn óeðlilega rammir að afli, hamrammir og fjölkunnugir koma við sögu í Finnboga sögu líkt og í Eglu og Grettlu. Hér er aðeins getið nokkurra dæma en mestu skipta auðvitað ekki tengsl við einstakar sögur heldur að sagnahefðin er stæld.

hún er samin í og leggur enn trúnað á hetjusögur fortíðarinnar og lítur jafnvel upp til þeirra; hún hæðist að sjálfri sér, fyrir að vera sú sem hún er, afsprengi aldagamallar hefðar og gamalla gilda sem eiga ekki rétt á sér lengur. Hún aftignar sjálfa sig. Sem slík verður hún um leið kjörið tól í höndum þeirra sem með kunna að fara og nýtist í baráttunni fyrir nýju samfélagi; hún gerir gömlu sögurnar hlægilegar. Hún bendir leynt og ljóst á það sem er kjánalegt og fáránlegt í gömlu sögunum sem gengið hafa manna á meðal og notið áður nefndrar virðingar. Stíll hennar berstrípar þær frammi fyrir lesandanum og áheyrandanum og þannig verður hún ómetanlegt vopn í baráttu hins nýja samfélags við að koma nýrri reglu og festu á. Hún gerir fortíðina kjánalega, og það var gulls ígildi fyrir Noregskonung og hans menn seint á 13. öld og snemma á þeirri 14., þá menn sem þurftu að koma á nýrri reglu í samfélaginu.

## 2 Skilgreining á paródíu, íróníu og grótesku

### 2.1 Paródía

Paródía, (ísl: skopstæling) er erfið í skilgreiningu.<sup>34</sup> Allir vita hvað er að vera háðskur, beita fyrir sig kaldhæðnislegum húmor eða hafa eitthvað í flimtingum. Allir geta hlegið að þessháttar gríni og glensi, en það sem er erfitt við skilgreiningu paródíu er að ekki hlæja allir að því sama og það sem einum þykir fyndið sér annar engan húmor í. Orðið þýðir hliðarsöngur á grísku<sup>35</sup> og gefur það nafn vel til kynna hugsunina sem er á bak við paródíu. Hún er ekki öll þar sem hún er séð, „til hliðar“ við textann er eitthvað annað og kúntin felst í að koma auga á það.

Grunnhugmynd paródíu er sú að eitthvað er stælt í því skyni að gera það hlægilegt. Þessi fyndni er ekki endilega á yfirborðinu og augljós, einmitt þvert á móti. Því þarf stundum að lesa textann með tvenns konar hugarfari til þess að átta sig á paródíunni. Í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* er paródía skilgreind svo:

*Paródía [...]: eftirlíking á alvarlegu skáldverki eða bókmenntagrein, gerð til þess að gera fyrirmyndina hlægilega eða í gagnrýnisskyni. Formi fyrirmyndarinnar er haldið en inntakinu breytt, þannig að í stað alvarlegs eða hátíðlegs efnis koma hversdagslegir og ómerkilegir viðburðir sem eru í kómísku misræmi við hátíðleik stílsins. S[kopstæling] getur því bæði verið meinlaust grín og hvöss ádeila á innantóman hátíðleika eða uppþembdan stíl. Oft er nauðsynlegt að þekkja fyrirmyndina til þess að s[kopstæling] njóti sín til fulls, en þó eru þess dæmi að s[kopstæling] hafa orðið langlífar fyrir eigin verðleika.<sup>36</sup>*  
*Innskot HKEI*

En það er langt í frá að paródía sé svona einföld í skilgreiningu. Paródíu má kalla „breytta endurtekningu“<sup>37</sup> og Linda Hutcheon skilgreinir paródíu svo að hún sé:

eftirlíkingarform en eftirlíkingin einkennist af írónískum viðsnúningi sem er þó ekki alltaf á kostnað textans sem skopstældur er.<sup>38</sup>

Simon Dentith vill víkka hugtakið mjög mikið og segir að paródía sé:

menningarstarfsemi sem líkir eftir annarri slíkri með eftirlíkingu er felur í sér drjúga ádeilu og vísanir.<sup>39</sup>

Það er greinilegt að menn eru ekki sammála um hvernig eigi að skilgreina paródíu og ennfremur er ljóst að hún þarf ekki endilega að tengjast bókmenntum sem slíkum heldur er hægt að heimfæra hana yfir á menninguna í heild sinni.<sup>40</sup>

<sup>34</sup> Í þessari ritgerð er notað orðið paródía nema annað sé notað í þeim heimildum sem vitnað er beint í.

<sup>35</sup> Jakob Benediktsson: *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, 1983. Bls. 252.

<sup>36</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 252.

<sup>37</sup> „... hvers leitar skiftingur þinn í rassgörn þessari?“, bls. 82.

<sup>38</sup> Linda Hutcheon: *A Theory of Parody. The Teaching of Twentieth-Century Art Forms*, 1985, bls. 6. (ísl. þýð. hér: Bergljót S. Kristjánsdóttir)

<sup>39</sup> Simon Dentith: *Parody*, 2000, bls. 37. (ísl. þýð. hér: Bergljót S. Kristjánsdóttir).

## 2.2 Írónía

Írónía (ísl: háð)<sup>41</sup> er ekki síður erfið í skilgreiningu en paródía. Írónía felst í því að menn segja eitt en eiga við annað, oft hið gagnstæða. Í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* er írónían skilgreind sem:

Framsetningarháttur þar sem orðanna hljóðan er andstæð því sem meint er í raun og veru. Réttur skilningur ræðst þá af samhengi eða af látbragði og/eða raddblæ þess sem talar.<sup>42</sup>

Algeng tegund af íróníu er að menn séu lastaðir með lofsyrðum. Þá er stílbragðið nefnt „last með lofi“<sup>43</sup> og sjálfur Snorri Sturluson gerir þeim þætti vel skil í Prologus Heimskringlu:

En það er háttur skálda að lofa þann mest er þá eru þeir fyrir en eigi mundi það þora að segja sjálfum honum þau verk hans er allir þeir er heyrðu vissu að hégómi væri og skrök og svo sjálfur hann. Það væri þá háð en eigi lof.<sup>44</sup>

Hugmyndin um íróníu er greinilega mjög gömul í fræðunum og hefur þekkt allt frá tímum Platóns ef ekki lengur og þýðir orðið uppgerð og látalæti á grísku.<sup>45</sup> Í nútíma bókmenntafræðum er einatt miðað við að merking íróníu ráðist af tvennu: annars vegar af samspili hins sagða og hins ósagða þar sem hvorugt má missa sín. Hins vegar af sambandi háðfuglsins, túlkandans og skotspónar háðsins. Með samhengi er vakin athygli á að írónían er ekki öll þar sem hún er „sögð“. Áhrif hennar felast í því að hún er bæði það sem hún segir og eitthvað annað, gagnólíkt.<sup>46</sup> Um íróníu segir ennfremur í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði*:

Bókmenntafræðingar síðustu áratuga nota oft hugtakið í[rónía] um misræmi milli orða og hugsana sögumanns eða sögupersónu og afstöðu söguhöfundar sjálfs til þeirra viðburða sem lýst er. Þetta misræmi þarf ekki að koma fram beinlínis í textanum, heldur er lesendum látið eftir að koma auga á það út frá rökum söguheildarinnar. Þvílík afstaða söguhöfundar til persóna sinna er þá talin írónísk.<sup>47</sup>

---

<sup>40</sup> Mikhail Bakhtin: *Rabelais and his world*, 1968. Helga Kress hefur gert kenningum Bakhtins um karnivalið vel skil í greinum sínum, „Staðlausir stafir“ og „Bróklindi Falgeirs“. Sjá tilvísun 24.

<sup>41</sup> Í þessari ritgerð er notað orðið írónía nema annað sé notað í þeim heimildum sem vitnað er beint í.

<sup>42</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 134.

<sup>43</sup> „Egill lítt nam skilja ...“, bls. 82.

<sup>44</sup> Snorri Sturluson: *Heimskringla I. bindi*, Prologus. Rvík, 1991, bls. 2.

<sup>45</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 134.

<sup>46</sup> Linda Hutcheon: *Irony's edge. The theory and politics of irony*, 1995. (ísl. þýð. hér: Bergljót S. Kristjánsdóttir)

<sup>47</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 134.

Lesandi þarf sem sé að vera á varðbergi gagnvart textanum. Er hann að lesa verk grafalvarlegs höfundar sem aldrei stekkur bros á vör og hefur jafnvel ekki snefil af húmor og hvernig er textinn sem unnið er með?

Við undirbúning þessarar ritgerðar heyrði höfundur því fleygt að miðaldamenn hefðu ekki haft neinn húmor – þeir hefðu ekki kunnað að hlæja. Þetta er alrangt því miðaldamenn gátu heldur betur hlegið og hláturinn var oft gróteskur og skopið stórkarlalegt og groddalegt.<sup>48</sup> Kannski hlógu þeir ekki endilega að því sem í dag þykir fyndið en hlógu þeim mun meir að einhverju sem ekki þætti fyndið í dag. Það er hinsvegar augljóst af því sem þó er sameiginlegt með húmor þessara tveggja tíma, að miðaldamenn gátu heldur betur hlegið og gerðu mikið af því og:

[...] má [...] ekki gleyma að drjúgar heimildir eru til um hvað Íslendingum hefur þótt fyndið í aldanna rás. Írónía og skop eru t.d. ríkt einkenni á kveðskap þeirra, fornum og nýjum.<sup>49</sup>

### 2.3 Gróteska

Írónían helst alltaf í hendur við paródíuna, en með þeim í för er oft gróteskan. Í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* segir um tilgang höfundar sem beitir grótesku að hann sé:

oftast að afhjúpa hræsni og fordóma samfélagsins með eins konar framandgervingu fyrirbæranna sem kemur flatt upp á lesendur (áhorfendur) og birtir þeim fáránleika tilverunnar í nýju ljósi.<sup>50</sup>

Ennfremur segir Svanhildur Óskarsdóttir um grótesku í umfjöllun sinni um Ynglingatal:

Lýsingarorðið gróteskur mun upphaflega haft um ítalska skreytilist þar sem vafið er saman óskyldum fyrirbærum, jurtir t.a.m. látnar bera blóm sem reynast vera höfuð dýra eða manna. Þetta stefnumót lítt samrýmanlegra hluta myndar grundvöllinn að kenningum um gróteska tækni í bókmenntum.<sup>51</sup>

Þannig eru hlutir oft gerðir vísvitandi ljótir og óaðlaðandi, t.d. er tekið bókstaflega á orðalagi til þess að leiða lesendum eða áheyrendum fyrir sjónir hugsunina sem býr á bak við orðalagið. Gott dæmi um þetta er saga Svövu Jakobsdóttur, Gefið hvort öðru ...,<sup>52</sup> þar sem kona er bókstaflega látin höggva af sér höndina og gefa verðandi eiginmanni sínum þegar hún gengur í hjónaband. Þannig er gróteskan notuð til þess að skerpa á fáránleika tilverunnar. Lesanda þarf ekki endilega að finnast sagan fyndin en honum bregður

<sup>48</sup> Sjá t.d. „Egill lítt nam skilja ...“, *Bróklindi Falgeirs og Staðlausir stafir*.

<sup>49</sup> „Egill lítt nam skilja ...“, bls. 82.

<sup>50</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 106.

<sup>51</sup> *Dáið þér Ynglinga?*, bls. 762.

<sup>52</sup> Svava Jakobsdóttir: *Gefið hvort öðru – sögur*. Rvík, 1982.



vissulega við lesturinn og sér hlutina, sem honum þótti áður sjálfsagðir og eðlilegir, í nýju ljósi.

En gróteskan þarf alls ekki að vera svona alvarleg. Helga Kress segir í umfjöllun sinni um gróteskt raunsæi Bakthins og bók hans *Rabelais and His World*:

Annars vegar er um að ræða hina klassísku menningu og hins vegar þá menningu sem hann kallar karnivalska, en það er sú menning sem tengist kjötkveðjuhátíðum og einkennist af hlátri og gleði. Klassíska menningin er lokuð og tilheyrir yfirstétt og höfðingjum, en sú karnivalska – eða hláturmenningin – nær til allra og á sér rætur í alþýðlegum leikjum og samkomum miðalda.<sup>53</sup>

Helga Kress segir líka í umfjöllun sinni um slúður og tengsl þess við grótesku Bakthins að:

Þannig minnir það [slúðrið] á margan hátt á *gróteskuna*, sem miðar að því að lækka allt það sem háleitt er, afstrakt og andlegt, og draga niður á jarðneskt plan, til hversdagsleikans og líkamans, oft með hlátri.<sup>54</sup> *Innskot HKEI*

Gróteskan getur sem sé líka einkennst af t.d. hinu fræga karnivali, kjötkveðjuhátíðinni, þar sem öllu er snúið á hvolf. Þá verða hlutir leyfilegir sem almennt eru óleyfilegir, t.d. að gera grín að ráðamönnum og kirkjufeðrum opinberlega og krýna þorpsfíflað sem konung.

Stór og mikilvægur hluti af grótesku raunsæi Bakthins er aftignunin og hvernig hún er notuð til þess að nálgast hlutina frá nýju sjónarhorni og segir Helga Kress um hana að:

Það sem einkennir karnivalmenninguna er gróteskan. Markmið hennar er að lækka eða aftigna allt sem háleitt er talið, andlegt eða afstrakt, og draga það niður á veraldlegt jarðneskt plan, þar sem allir eru jafnir.<sup>55</sup>

En auðvitað er paródían, írónían og gróteskan sem felst í því að snúa hlutunum á hvolf ekki bara fyndin í augum alþýðunnar eins og Bakhtin<sup>56</sup> hélt fram heldur hlýtur efri stéttin að hlæja líka. Hlátur er varla bundinn við stéttir heldur mun frekar það að hverju er hlegið og af hverju er hlegið að því. Yfirstéttin hlær að sama fyrirbrigðinu og alþýðan en ekki endilega af sömu ástæðum. Skilin á milli hins háa og þess lága eru ekki eins skörp og Bakhtin vill vera að láta.

---

<sup>53</sup> *Bróklindi Falgeirs*, bls. 276.

<sup>54</sup> Helga Kress: „Staðlausir stafir. Um slúður sem uppsprettu frásagnar í Íslendingasögum“, *Skírnir*. Vor 1991, bls. 131-132.

<sup>55</sup> *Bróklindi Falgeirs*, bls. 276. Höfundur Finnþoga sögu notar þessa aðferð, að aftigna e-ð, markvisst gegn sagnahefðinni með sögu sinni eins og komið var inná í kafla 1 hér að ofan. Hann notar hana líka mikið í sögunni sjálfri í t.d. hetjuímynd Jökuls eins og gert er grein fyrir í kafla 3.7 um Jökul.

<sup>56</sup> Sjá tilvísun 40.

### 3 Paródían í Finnboga sögu

#### 3.1 Af uppvexti Urðarkattar

Sagan byrjar á útburði nýfædds sonar hjónanna Ásbjörnar Gunnbjarnarsonar dettiáss og Þorgerðar konu hans á Eyri í Flateyjardal. Ásbjörn tók þá ákvörðun að bera út nýfætt barnið eftir að Þorgerður kona hans hafði áður óhlýðnast honum og leyft Þórnýju dóttur þeirra að hlaupast á brott með Skíða Austmanni sem hafði beðið hennar en verið neitað ráðahagsins af Ásbirni. Sagan ber Skíða vel söguna og segir um hann að hann hafi verið „[...] mikilhæfr maðr ok átti frændr ágæta ok ina beztu kosti“<sup>57</sup> þannig að ekki virðist hafa verið neitt eitt ákveðið sem mælti á móti ráðahagnum annað en dyntótt skap Ásbjarnar sem sagður var „[...] fályndr ok fastlyndr ok inn mesti ólundarmaðr, ef hann yrði reiðr“.<sup>58</sup> Það vekur athygli að skapferli Ásbjarnar er ekki lýst fyrir en eftir að hann uppgötvar að Þórný er farin með Skíða.

Nokkrum misserum eftir að Þórný er farin ætlar Ásbjörn að ríða til þings og skipar óléttri konu sinni að bera út barnið fæðist það á meðan hann er í burtu. Þetta gengur eftir, barnið fæðist og er borið út. Í fyrstu dettur lesendum í hug að þarna sé hlýðin eiginkona þessa tíma að þóknast vilja manns síns eins og henni bar sama hvað tautaði og raulaði og skipti engu þó nýfætt barnið væri „[...] mikit ok þrifligt ok fagrt mjök“.<sup>59</sup> Ásbjörn kveður konu sína með hótunum og segir: „Ok ef þú gerir eigi eptir því, sem ek segi, muntu missmíði á sjá ok allir þeir, er af mínu boði bregða eða eigi sem ek vil vera láta“.<sup>60</sup> Þessar hótanir ættu að sannfæra lesendur um að gjörðir Þorgerðar, þegar hún lætur bera út nýfætt barn sitt, beri vitni um undirgefni og ótta hennar. Ef ekki væri aðeins fyrir þá einföldu staðreynd að hún hefur áður óhlýðnast honum óskaplega og sannað þar með hvað í henni býr og því ætti henni að vera leikur einn að bjarga barninu frá bráðum bana. Og það er einmitt það sem hún gerir.

#### 3.2 Syrpa og Gestur í Tóptum

Með því að bera barnið út virðist Þorgerður hlýða fyrirmælum bónda síns en það er alls ekki svo og það er hér sem paródían kemur til og snýr öllu á hvolf. Þessi gerðarlega kona á fósturu nokkra sem heitir Syrpa og var „[h]verju kykvendi [...] leiðiligri at sjá“.<sup>61</sup> Nafnið eitt og sér, Syrpa, gefur til kynna að hún sé ekki bara subba og sóðakvendi heldur jafnvel

<sup>57</sup> Jóhannes Halldórsson: *Íslensk fornrit XIV*. bindi: *Finnboga saga*. Rvík, 1959, bls. 254.

<sup>58</sup> *Finnboga saga*, bls. 254.

<sup>59</sup> *Finnboga saga*, bls. 255.

<sup>60</sup> *Finnboga saga*, bls. 255.

<sup>61</sup> *Finnboga saga*, bls. 255.

tröllskessa.<sup>62</sup> Það er þó ekki nóg með að nafn hennar minni á sorp heldur býr hún á Tóptum, sem gefur til kynna að hún hafi búið í húsarústum, eða jafnvel í niðurgrafinni holu. Að auki heitir maður hennar Gestur sem bendir ótvírætt til þess að hann hafi haft stöðu gests á heimili sínu og hreinlega í lífi sínu en Syrpa ráði þar öllu. Um hann er sagt: „Gestr hafði it mesta kvánríki, því at hann var mannæli mikit ok veslingr“.<sup>63</sup> Þarna er búið að snúa almennt viðurkenndum hlutverkum hjóna á hvolf á þann hátt að engu verður leynt þar um en í tilviki Ásbjarnar og Þorgerðar er það ekki eins augljóst þó raunin sé sú sama.

Syrpu og Gesti, er lýst nánast sem dýrum sem ráfa um heiðar í leit að grösom, berjum og öðru ætilegu og er orðalagið í lýsingunni á því þegar Gestur finnur barnið einkar lýsandi fyrir venju þeirra, hann „snoðrar einart um hvern stein ok þar til er hann finnr barnit“.<sup>64</sup> Þetta orðalag líkir honum umfram annað við dýr.

Þau skötuhjú setja nú á svið heilmikið leikrit þar sem þau láta líta út fyrir að þau hafi eignast þetta barn þrátt fyrir að Syrpa sé löngu komin úr barneign og barnið líkist þeim ekki því eins og Gestur bendir á „[...] er þat miklu þrifliga at sjá en okkr sé líkt“.<sup>65</sup> Honum er einfaldlega sagt að þegja og hafa sig hægan. Þau nefna barnið Urðarkött sem vísar til þess að það fannst í urð og líka hafa hljóðin í því minnt á hljóð í vansælum ketti þegar það grét og Gestur heyrði til þess. Gráthljóð í nýfæddum börnum eru einmitt oft á þá leið að halda mætti að þar færi eitthvert dýr.

Syrpa sendir Gest heim á Eyri til Þorgerðar til að biðja hana um það sem hún þarf fyrir barnið. Þorgerður lætur sem hún undrist það að fóstura sín gamla hafi eignast barn en hefur ekki mörg orð um það. Syrpa var aukinheldur svo hraust að hún vildi ekki að aðrar konur aðstoðuðu sig eftir barnsburðinn. Hún tekur ennfremur „[...] allan búnað af barninu, þann sem á var, ok var sá miklu ágætari en hon þyrði at hafa; tók hon tötra ok bjó um sem herfiligast“<sup>66</sup>.

Það er augljóst að allt er þetta með ráðum gert. Sú staðreynd að Ásbirni er lítið um Syrpu gefið, reyndar svo mjög að Þorgerður neyddist til þess að gifta hana frá sér, auðveldar þeim ráðabruggið. Syrpu er hvergi lýst sem vitlausri eða heimskri líkt og bónda hennar, þvert á móti er sagt um hana að hún „[v]ar [...] vel kunnandi allt þat, er hon skyldi gera“.<sup>67</sup> Þorgerður vissi hvað hún var að gera þegar hún lét bera barnið út og Syrpa líka

---

<sup>62</sup> Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1012.

<sup>63</sup> *Fimboga saga*, bls. 256.

<sup>64</sup> *Fimboga saga*, bls. 256.

<sup>65</sup> *Fimboga saga*, bls. 256.

<sup>66</sup> *Fimboga saga*, bls. 257.

<sup>67</sup> *Fimboga saga*, bls. 255.

þegar hún tók við barninu. Það er augljóst afhverju Gestur er að snúðra í urðinni þegar hann finnur barnið, hann á von á því að finna það. Það var auðvitað ekki hægt að senda barnið beint til Syrpu. Með þessu eru þessar aldavinkonur búnar að sjá við ofurefli karlaveldisins og í raun búnar að snúa því á hvolf, þær stjórna á bakvið tjöldin, hafa hlutina eins og þær vilja og haga seglum eftir vindi.

Urðarköttur elst upp hjá hjónakornunum á Tóptum. Hann er ætíð tötralega klæddur, en dafnar vel og þykir barnið svo „[...] fagrt ok frítt, at allir hugðu þat, at aldri ætti þau Gestr þat barn“.<sup>68</sup> Það er mesta furða hvað fegurð barnsins og gjörvileiki er engum hulinn í ljósi þess að hann gekk berfættur og tötrum klæddur hvern dag, klæddur í „[...] söluváðarbrækr og hettu; hana gyrði hann í brækr niðr“<sup>69</sup> og er því lýst að allt hafi verið af að neðan og stundum var hann í skinnstakki og batt um sig snæri. Þarna er komið minni sem þekkt er úr öðrum sögum, að börn höfðingja þekktist fyrir fegurð og gjörvileik sama hve ung þau eru. Dæmi um þetta er t.d. í Ólafs sögu Tryggvasonar þegar Sigurður Eiríksson þekkir Ólaf barnungan úti á torgi, þá sex vetra gamlan<sup>70</sup> og í Gunnlaugs sögu þar sem Helga hin fagra<sup>71</sup> þekktist af yfirbragði sínu og fasi einu saman. Þó virðist enginn átta sig strax á réttum uppruna Urðarkattar. Að því verður vikið betur síðar.

Drengurinn dafnar vel í umsjón þeirra Tóptahjóna, bókstaflega vex „dagvöxtum“<sup>72</sup> og þriggja ára var hann orðinn á við sex ára barn að burðum, bráðþroska, sterkur og mikill eftir aldri og minnir þar um margt á t.d. Egil Skallagrímsson og Gunnlaug ormsungu sem báðum er lýst á svipaðan hátt. Hann varð fyrir spotti og aðhlátri fólks t.d. fiskimanna og þvældist iðulega fyrir griðkonunum á Eyri – þangað vandi hann jafnan komur sínar – en hann barði á þeim og brá fyrir þær staf sínum svo þær duttu um koll. Þorgerður veit af þessari framkomu hans við griðkonurnar en lætur vera og segir að hann skuli „njóta fóstru sinnar, Syrpu“<sup>73</sup>. Hún nýtur þess líklega að hafa drenginn nálægt sér. Ásbjörn lætur sem hann sjái hann ekki.

Syrpa biður hann iðulega að fara ekki heim að Eyri „því at mér segir þat hugr, at þar muna ek nökkut illt af hljóta, en mér tjóar þat eigi at banna þér“.<sup>74</sup> Athyglisvert er að

---

<sup>68</sup> *Finnboga saga*, bls. 257.

<sup>69</sup> *Finnboga saga*, bls. 257. Þessi lýsing minnir um margt á lýsinguna á öðrum kolbíti, Kolfinni í *Kjalnesinga sögu*: „Kolfiðr var svá búinn, at hann var í kollhettu ok hafði kneppt blöðum milli föta sér; hann hafði hökulbrækr ok kálfskinnskó loðna á fótum“. Jóhannes Halldórsson: *Íslensk fornrit XIV*. bindi: *Kjalnesinga saga*. Rvík, 1959, bls. 17-18.

<sup>70</sup> *Heimskringla I. Bindi*, Ólafs saga Tryggvasonar, bls. 153.

<sup>71</sup> Sigurður Nordal og Guðni Jónsson: *Íslensk fornrit III*. bindi: *Gunnlaugs saga*. Rvík, 1938, bls. 57.

<sup>72</sup> *Finnboga saga*, bls. 257.

<sup>73</sup> *Finnboga saga*, bls. 258.

<sup>74</sup> *Finnboga saga*, bls. 258.

hún talar aðeins um að hún geti hlotið illt af en ekki Urðarköttur, líklega vegna þess að hún óttast um sjálfa sig ef upp um hana kemst og til hvers Ásbjörn kann að grípa.

Líða nú fram tímar og drengurinn vex úr grasi og vinnur hann á unga aldri sitt fyrsta þrekvirki þegar hann dregur fjögurra álna fisk heim í kot einn síns liðs. Undruðust það allir og tortryggðu uppruna hans þar sem ólíklegt þótti að svo mikilfenglegt barn gæti verið af svo miklu hyski komið sem Syrpa og Gestur voru. Urðarköttur breytir ekki háttum sínum og fer oft heim að Eyri og stríðir griðkonunum þar.

### 3.3 Þáttur Þorgeirs Ljósvetningagoða

Þegar Urðarköttur er tólf ára, sem var klassískur manndómsaldur þessa tíma,<sup>75</sup> dregur til tíðinda í lífi hans. Þá er haldin veisla heima á Eyri og þangað er kominn móðurbróðir hans, sjálfur Þorgeir Ljósvetningagoði en mikill vinskapur var á milli hans og Ásbjarnar. Urðarköttur er mættur á staðinn til þess að stríða griðkonunum að vanda og er svo sagt frá viðureign þeirra:

Hann er nú umfangsmikill ok glímur við griðkonur. Þær taka nú fast á móti honum ok ganga at honum fjórar, ok varð nú mikit hark. Hann dregr þær innar í stofuna, ok gangast þar at fast. Þetta þótti mönnum mikit gaman, at sjá atgang þeira. Svá lauk hann við, at hann felldi þær allar ok lék þær illa. Ok þá er þau höfðu lokit leik sínum, stóð hann á gólfinu í búnaði sínum; var þat skinnstakkr ok krækill, er hann hafði hvern dag í hendi. Þorgeirr horfði á hann langa stund ok mælti síðan við Ásbjörn: „Hverr er sveinn sjá, er hér er kominn?“<sup>76</sup>

Er það furða að Þorgeir spyrji eftir þennan atgang? Ásbjörn svarar því til að hann sé sonur Syrpu og Gests en Þorgeir segir einfaldlega að það geti ekki verið. Hann áttar sig á því hverra manna drengurinn er og er þarna aftur komið áður nefnt minni um höfðingjabörn og hvernig þau þekkjast. Hann sækir málið stíft og meðal annars spyr hann Urðarkött um uppruna sinn og fær sama svar. Þorgeir segir þá: „Þú ert mikill maðr ok gerviligr ok svá vel skapaðr at jöfnum aldri, at ek hefði engan höfðingjason sét jafnan þér fyrir allra hluta sakir“.<sup>77</sup> Nú er heldur betur hringurinn tekinn að þrengjast að Ásbirni því auðvitað hlýtur hann að vita hver Urðarköttur raunverulega er, eins tíður gestur og hann er á Eyri og umtalaður fyrir afreksverk sín, þó hann vilji ekkert með hann hafa. Því er svar hans til Þorgeirs einkar spaugilegt í þessu samhengi:

Þat mantu þá mæla, mágr, er þú sér Syrpu ok Gest, feðgin hans, at þau sé allóhöfðinglig, því at engi mun sét hafa slík svín sem þau eru bæði, ok er þat

<sup>75</sup> Grágás. *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Rvík 1992, bls. 216; 235; 435.

<sup>76</sup> *Finnboga saga*, bls. 260.

<sup>77</sup> *Finnboga saga*, bls. 260-261.

undr, er þú talar við engi mann nema Urðarkött. Skil ek þat, at þér þykir mikils um vert þat, er hann er fagrt skapaðr.<sup>78</sup>

Þetta svar Ásbjarnar er svo dæmalaust að ekki er hægt annað en skellihlæja að því. Hann gerir fyrir það fyrsta eins lítið úr Syrpu og Gesti og hann mögulega getur til þess eins að gera seinni hluta orða sinna áhrifameiri þegar hann bítur hausinn af skömminni með því að gefa í skyn að eina ástæðan fyrir því að Þorgeir hafi svona mikinn áhuga á Urðarketti, sé sú hve fallegur drengurinn er. Í stuttu máli, Ásbjörn ásakar Þorgeir um ergi.<sup>79</sup> Um viðbrögð Þorgeirs segir: „Þorgeirr roðnaði mjök ok mælti: „Þat hygg ek mér mikla þörf at tala hér um nökkut, en þó er þat mitt hugboð, at þér liggi eigi minna við hér um at tala.“<sup>80</sup> Að væna einhvern um ergi er einhver alvarlegasta ásökun sem hægt var að bera á annan mann á þessum tíma. Í ljósi þess vekur það furðu hvernig sú ásökun er sett fram hér þar sem sjálfur Þorgeir Ljósvetningagoði er ásakaður um ergi af sér minni manni við fáránlegar aðstæður. Þorgeir er vissulega mikils metinn maður á þeim tíma sem sagan á að gerast þó ekki sé hann orðinn sú kanóna sem hann varð eftir kristnitökuna og einmitt þessvegna hefur höfundur sögunnar þótt skondið að læða þessu að, enda listilega vel gert.

Í beinu framhaldi af þessu spyr Þorgeir systur sína Þorgerði hve langt sé síðan hún var með barni og hún segir eins og er að það séu tólf ár. Í kjölfarið kemst allt upp um útburðinn á barninu og Þorgeiri finnst það mikil skömm hvernig í pottinn er búið. Ásbjörn hagar sér hreinlega eins og þrjóskur smástrákur þegar Þorgeir spyr hvort hann vilji gangast við barninu og ala fyrir því önn og segir: „Þat veit ek eigi, hvern hann á, en þat má ek at gefa honum mat sem öðrum mönnum, ef þér sýnist þar ráð“.<sup>81</sup> Nú er Þorgeiri öllum lokið og hann hreinlega hótar Ásbirni og segir: „Ertu eigi föðurliga við hann eða lætr hann hafa þat, er hann vill, þá skilr þar okkra vináttu, því at eigi kann ek at sjá, ef hann berr eigi snöggt af þínum frændum ok mínum“.<sup>82</sup> Það er ekki nóg með að Þorgeir þurfi að verða fyrir fáránlegum aðdróttunum mágs síns heldur þarf hann líka að kyngja því að Ásbjörn hafi framið þann ljóta hlut að bera út barn að tilhæfulausu og bíti svo hausinn af skömminni með því að neita að gangast við barninu umfram aðra menn. Það er ekki lítið sem á höfðingja er lagt.

Syrpa og Gestur fá hins vegar mikinn sóma af sínum þætti í þessu máli og eru allt í einu orðin virðingarverðar manneskjur fyrir orð Þorgeirs. Fjórðungi bregður til fósturs og

<sup>78</sup> *Finnboga saga*, bls. 261.

<sup>79</sup> Þ.e. Ásbjörn ásakar Þorgeir um samkynhneigð

<sup>80</sup> *Finnboga saga*, bls. 261.

<sup>81</sup> *Finnboga saga*, bls. 262.

<sup>82</sup> *Finnboga saga*, bls. 262.

það á svo sannarlega við hvað Finnboga varðar því öfugt við það hvernig þeim hjónum hefur verið lýst hefur þeim tekist að ala Urðarkött vel og sómasamlega upp. Tóptahjónin eru andstæður vel klæddu, kurteisu og mikils metnu yfirstéttarhjónanna en þau gera það sem máli skiptir og því hljóta þau svo mikinn sóma af.

Urðarköttur býr nú heima á Eyri og ekki líður á löngu þar til hann hann fremur sitt annað afrek þegar hann snýr hausinn af graðungi sem gerði griðkonunum lífið leitt. Þær tala til hans á niðrandi hátt þegar þær biðja hann um hjálp og kalla hann hinn raga Urðarkött. En nú hafa hlutirnir breyst. Urðarköttur neitar þeim um hjálp og er stætt á því, hann er orðinn höfðingjasonur, yfir þær hafinn og segir hreinlega að það sé gott á þær og því betra eftir því sem graðungurinn fer verr með þær og nú kemur auk þess viska hans í ljós þegar hann segir, „[...] ok man ekki batna við þat, þó at þér illyrðið mik.“<sup>83</sup> Þá breyta griðkonurnar snarlega um aðferð og lofa hann í hverju orði og verður hann við bænnum þeirra. Ásbirni þótti ekkert til þessa afreks koma en þó kemur að því að hann tekur Urðarkött í sátt að fullu.

Einhverju eftir þetta kemur það upp að Urðarköttur fer út á hverju kvöldi sjö kvöld í röð og sér ljós í fjarska. Þarna reynast vera skipsbrotsmenn á ferð. Bjargar Urðarköttur níu mönnum af skipinu sem allir deyja seinna og Finnboga Bárðarsyni stýrimanni sem átti eftir að verða mikill vinur hans og örlagavaldur. Þeir félagar, ásamt Hrafni hinum litla, fara að heimsækja Þorgeir Ljósvetningagoða. Á leiðinni heim biður Finnbogi um að þeir stoppi, sest undir stein og deyr. En áður en hann deyr arleiðir hann Urðarkött að nafninu sínu og öllu sem hann á, í raun sjálfi sínu í heild, og segir um leið og hann minnst skipsfélaga sinna:

Þat er líkast, at til eins dragi um oss féлага, at engi várr komist með lífi til Nóregs. En þér, Urðarköttr, hefir vel farit til mín ok allra vár. Mundu þat sumir menn mæla í mínu landi, at þik hefði happ hent í þessum fundi. Með því at ek vinnumst eigi til þér at launa, þá skal eigi af draga þat, er til er. Hér eru vápn þau, er faðir minn gaf mér. Vænti ek, þóttú komir til Nóregs eða á önnur lönd nálæg, færðu eigi betri. Nú vil ek þau gefa þér ok þar með fé þat, er þú hafðir af skipinu, þat er ek átta ok þat er ek tók af hásetum at lögum. Þá vil ek gefa þér nafn mitt. Ok er ek ekki spámaðr, en þó get ek, at þitt nafn sé uppi, meðan veröldin er byggð. Má mér þat mest sæmd ok mínum frændum, at svá ágætr maðr taki nafn eptir mik sem ek skal ætla at þú verðir, með því að mér verðr lítit ætlat.<sup>84</sup>

Fjórðungi bregður til nafns og nú fær Urðarköttur loksins almennilegt nafn, hann er orðinn fullorðinn frjáls maður, gjaldgengur í heimi kynforeldra sinna og stígur í raun á ákveðinn

---

<sup>83</sup> *Finnboga saga*, bls. 263-4.

<sup>84</sup> *Finnboga saga*, bls. 269.

hátt inn í hann með nafngiftinni og út úr heimi fósturforeldra sinna. Það er athyglisvert að hann þarf að þyggja nafnið frá utanaðkomandi einstaklingi en fær ekki nafnið frá fjölskyldu sinni. Að fjórðungi bregði til móður vísar til ráðkænsku og vinsælda Finnboga sem oft verður vart en að fjórðungi bregði til föður vísar til þvermóðsku hans oft á tíðum og þrjósku sem veldur oft en ekki þeim átökum sem hann lendir í.

### 3.4 Hrafn hinn litli

Hrafn er dyggur þjónn Finnboga og fylgir honum hvert á land sem er. Um hann er sagt: „[...] hann var ungr maðr ok frændi Ásbjarnar ok heimamaður. Hann var frá mjök. Hann kom aldri á hest, hvert sem hann fór.“<sup>85</sup> Hans er hvergi getið annarsstaðar en í Finnboga sögu<sup>86</sup> og rennir það stoðum undir að hann sé hugarsmíð höfundar hennar og það ekki að ástæðulausu. Í persónusköpun Hrafns nýtur höfundur sín einstaklega vel enda er honum þar gefinn laus taumurinn og í Hrafn sameinast margt sem er skemmtilegt frá sjónarhorni paródíunnar.

Fuglinn hrafn er þekktur fyrir að vera gáfaður fugl sem er útsjónarsamur, slyngur og með næmt auga fyrir glingri og glitrandi hlutum. Hrafninn á fáa náttúrulega óvini, er trúr sínu t.d. hvað maka varðar, hrafnapör eru saman til æviloka. Það sem mest er um vert í þessu samhengi hér er að hrafninn er mikils metinn í sögu þjóðarinnar og norrænni goðafræði. Það var hrafn sem hjálpaði Hrafna-Flóka að finna Ísland og hrafnarnir Huginn og Muninn fylgja Óðni. Það liggur því beinast við að álykta sem svo að Hrafn hinn litli fái nafn sitt og undraverða hæfileika frá nafna sínum fuglinum, – t.d. þann hæfileika að sjá langt að þegar glampar á spjót og telja þau nákvæmlega – ásamt tryggð sína og eftirfylgni við Finnboga.

En ekki er allt sem sýnist. Fyrir það fyrsta er það viðurnefnið hinn litli, það bendir sterklega til að eitthvað sé málum blandið þegar kemur að þessum manni. Um leið og Hrafn hinn litli lítur út á yfirborðinu fyrir að vera fulltrúi hins virðulega fugls er augljóst að hann er í raun aðeins fulltrúi hunds – besta vinar mannsins! Hrafn er hinn litli og það á einkar vel við þegar hundur er hafður í huga. Hundar hafa allt aðra ímynd en hinir sjálfstæðu hrafnar. Þeir eru undirgefnir, hlýðnir, þeir leggja skottið á milli afturlappanna séu þeir skammaðir og eru hund-tryggir eiganda sínum. Hagi þeir sér ekki samkvæmt þessu er þeim lógað.

---

<sup>85</sup> *Finnboga saga*, bls. 267.

<sup>86</sup> *Finnboga saga*, neðanmálgrein, bls. 267.



Hrafn hinn litli er sagður hlaupa með ríðandi mönnum og minnir það fyrst og fremst á hunda. Hvaða hlaupandi maður hefur við ríðandi mönnum á fullri ferð? Þegar Finnbogi fer til þess að leita að Gunnbirni syni sínum þegar Jökull sat fyrir honum segir: „Ríðr Finnbogi, en Hrafn hljóp fyrir.“<sup>87</sup> Þegar Finnbogi og Þorkell ríða til Gnúps til þess að sækja veisluföng fer Hrafn hinn litli á undan ríðandi mönnum: „Ríða þeir þrír samt en Hrafn inn litli rann fyrir hestum þeira.“<sup>88</sup> Hann er eins og hver annar alvöru varðhundur sem gætir að hvort leiðin framundan sé örugg. Á leiðinni heim með veisluföngin rekur Hrafn klyfjaða hestana eins og hver annar smalahundur: „Rak Hrafn fyrir sér hestana, suma klyfjaða.“<sup>89</sup> Það sem mætti túlka sem skarpa sjón fuglsins og tilhneigingu til þess að veita glampanði hlutum athygli má einnig túlka sem hæfileika varðhundsins til þess að skynja hættu langt að, þefa hana uppi og vara við henni. Þetta kemur fram þegar Hrafn varar við hættu framundan og nefnir nákvæma tölu spjótsodda í nokkurri fjarlægð:

Ok þá er þeir riðu ofan at Hofi, stakk Hrafn við fótum. Finnbogi spurði, hví hann færi eigi. Hrafn segir: „Ek sé hér fram undir brekkuna, hvar spjótsoddar koma upp eigi færi en tíu. Er þat ætlan mín, at menn fylgi.“ Finnbogi mælti: „Þat er þér mjök opt, at þú undrast þat, þó at þú sjáir menn. Þykir oss vel, hvar sem sveinar leika sér.“<sup>90</sup>

Þetta atvik minnir um mjög á aðdraganda orrustunnar við Knafahóla í Njálu, nema hvað hér er það með spaugilegu ívafi þegar haft er í huga hver á í hlut og hvernig honum er lýst.

### 3.5 Álfur afturkempa

Álfur er eins og Hrafn hinn litli skrautleg og eftirtektarverð persóna. Hans er heldur ekki getið neins staðar annarsstaðar og því virðist gilda það sama um hann og Hrafn, höfundurinn er í essinu sínu við persónusköpun hans. Reyndar er svo að sjá sem höfundur geri aukapersónur, sem ekki skipta miklu máli í sögunni, kómískar. Álfur kemur inn í söguna í Noregi eftir að Finnbogi er farinn þangað í víking en kemur aðeins við atburðarás skamma stund. Á sama hátt og með Hrafn er hér paródía á ferð og það afar skrautleg.

Þegar Álfur er kynntur til sögunnar eru allra fyrstu kynni lesenda af honum þau að þeim er sagt að hann sé „mikill maðr ok greppligr“.<sup>91</sup> Greppligr þýðir samkvæmt orðabók ‘garplegur’, ‘karlmannlegur’ en einnig ‘grettur’ og ‘ófríður’. Orðið greppur þýðir einnig

<sup>87</sup> *Finnboga saga*, bls. 322.

<sup>88</sup> *Finnboga saga*, bls. 304.

<sup>89</sup> *Finnboga saga*, bls. 304.

<sup>90</sup> *Finnboga saga*, bls. 304.

<sup>91</sup> *Finnboga saga*, bls. 276. Orðið minnir á greppitryni.

‘ófríður maður’.<sup>92</sup> Með þessu eina orði er sleginn varnagli áður en lengra er haldið með lýsinguna á Álfi. Lesendur hljóta að muna þetta atriði en í beinu framhaldi af þessu er Álfi lýst mjög fallega og segir þar: „[...] hann var í rauðum skarlatskyrtli, ok digrt silfrbelti hafði hann um sik, með slegnu hári; var það bæði mikit og fagrt ok lá niðri á herðum honum“<sup>93</sup> og hann rær einn skútu mikilli svo „[...] at [Finnboga] þótti fljúga fram skútan“.<sup>94</sup> Undir öllum eðlilegum kringumstæðum ættu lesendur ekki að efast um að þarna sé á ferðinni mikilmenni og karlmenni hið mesta ef ekki væri fyrir þetta eina orð í lýsingunni á honum – greppligr. Hér er það sama á ferðinni eins og viðurnefni Hrafns hins litla og óhlýðni Þorgerðar hvað Þórnýju varðar, tónninn er gefinn með smáatriði sem varla er vert athygli en sem þó vekur spurningar hjá lesendum. Enda kemur á daginn að þessi maður, Álfur afturkempa, reynist hið mesta fól, svikull og gráðugur með eindæmum og reynir hann að drepa Finnboga.

Viðurnefni Álfs, „afturkempa“, er paródískur þáttur í sögunni.<sup>95</sup> Fyrst gætu lesendur haldið að verið væri að vísa til þess að þar sem hann fer svo hratt yfir þá standi hárið aftur af honum eins og fax. En það er aðeins sú skýring sem liggur á yfirborðinu. Álfi er lýst sem afar glysgjörnum manni, hann er í skarlatsrauðum kyrtli, sem þótti mjög fínt, og með digurt silfrbelti. Þegar þessari stuttu lýsingu á manninum sleppir hefst jafnlöng lýsing á hári hans, hve mikið það er, fagurt og slegið.<sup>96</sup> Lýsingin er svo björt að lesendur fá á tilfinninguna að hárið hljóti að vera ljóst. Þegar hún er gefin er Álfur að róa skútu á leið norður í Finnmörk til þess að sækja skatt. Er þörf á þessum glæsileika undir þeim kringumstæðum?

Undirliggjandi merking nafnsins er einfaldlega dulin vísun í ergi. Afturkempa þýðir einfaldlega sá sem kembir hár sitt aftur og er mjög umhugað um hár sitt eins og lýsingin á Álfi gefur til kynna. Það hefur ekki þótt eðlilegt að karlmenn gengju til vinnu eða róðurs í sínum fínustu klæðum. Þetta setur áráðs Álfs í hellinum, þegar þeir á saman og Finnbogi drepur hann, í nýtt samhengi. Álfur hefur leitað á Finnboga um nóttina sem bregst ókvæða við. Það er hinsvegar látið liggja á milli línanna í sögunni og skýrt á yfirborðinu sem ágirnd Álfs í fé.

---

<sup>92</sup> Íslensk orðabók bls. 308.

<sup>93</sup> *Finnboga saga*, bls. 276.

<sup>94</sup> *Finnboga saga*, bls. 276.

<sup>95</sup> *Finnboga saga*, bls. 276. Í neðanmálsgrein segir að viðurnefnið sé „e.t.v. dregið af því, að hann fór hratt yfir“.

<sup>96</sup> Sjá tilvísun 93.

Enn einu sinni leikur höfundur sér að því að snúa hefðinni á hvolf og gera það á nettan og einbeittan hátt. Þessar tvær persónur, Hrafn hinn litli og Álfur afturkempa, sýna sérstaklega vel hve góður höfundurinn er í að skapa flóknar og margbrotnar persónur úr litlu og nýta sér allt sem þær hafa að bjóða.

### 3.6 Hákon jarl

Í fyrrihluta sögunnar ræður Hákon jarl yfir Noregi. Hann var vinsæll meðal þegna sinna mestan part ævinnar og honum er lýst sem týpískum friðarkonungi: „[...] þá var góð árferð í landi og góður friður innanlands með bóndum“.<sup>97</sup> En þegar á leið gerðist jarl stórtækur til kvenna og tók hverja þá konu sem hann lysti, hvernar ættar sem hún var, gift eða ógift og sængaði hjá henni og sendi síðan svívirta aftur til síns heima. Þetta féll í grýttan jarðveg á meðal bænda og endaði með því að þeir sóttu að honum þegar hann krafðist konu í eitt skiptið og hröktu hann á skammarlegan flótta. Að lokum var Hákon svikinn af sínum eigin þræli, skorinn á háls í svínabæli, afhöfðaður, höfuð hans grýtt og eftir dauða sinn var hann alltaf kallaður hinn illi.<sup>98</sup>

Örlög Hákonar jarls hafa alltaf þótt kaldranalega spaugileg og það er því í anda paródíunnar í Finnboga sögu að hann, maður sem endaði ævi sína afhöfðaður í svínastíu, sé landshöfðinginn sem Finnbogi sækir heim og þarf að sækja sér til virðingu. Sérstaklega er það kaldhæðnislegt þegar haft er í huga að næsti konungur á eftir Hákonni er sjálfur Ólafur Tryggvason.

Álfur afturkempa var í miklu uppáhaldi hjá Hákonni jarli. Um tengsl þeirra segir Bárður bóndi í Grænmó þegar hann fréttir að Finnbogi hafi hitt Álf:

„uggi ek, at illa takist til, því at Álfr er inn versti maðr ok svikráðafullr; dugir honum þat, er hann er mægðr við jarlinn ok er hirðmaðr hans; verða menn af því at þola honum margan ójafnað.“<sup>99</sup>

Þarna er Bárður sannspár og þar sem lesendur vita að Finnbogi er á leið til Hákonar til þess að sækja sér virðingu vita þeir að Finnboga bíða vandræði þar. Lýsingin á Álfi er eins og fyrirboði þess sem koma skal í lýsingu Hákonar. Þegar Finnbogi nær loks fundi jarls er hann ekkert að tvínóna við hlutina þegar hann segir honum fréttirnar af vígi Álfs. Hákon spyr hvar þeir Álfur hafi skilið og Finnbogi svarar: „,,Hann var eptir í eyju einni.“ „Hví var hann þar eptir?“ segir jarl. „Ek vá hann,“ segir Finnbogi“.<sup>100</sup> Til þess að skerpa á þeirri

<sup>97</sup> *Heimskringla 1. bindi*, Ólafs saga Tryggvasonar, bls. 195.

<sup>98</sup> *Heimskringla 1. bindi*, Ólafs saga Tryggvasonar, bls. 195-201.

<sup>99</sup> *Finnboga saga*, bls. 277.

<sup>100</sup> *Finnboga saga*, bls. 282.

spaugilegu stöðu sem upp er komin er ekki bara Hákon lýst á neikvæðan hátt af Bárði bónda í Grænmó heldur segir Hákon eftir að hann fær tíðindin af vígi Álfs mágs síns:

Pat munu flestir menn mæla, at mér sé mislagðar hendr, ef þú kemst með lífi í brott frá mér eða klaklaust, en þá látum vér marga fá harðyndi, þó at lítit vinni til eða nær ekki. En þó at Álfir væri ójafnaðarmaðr ok illmenni kallaðr af sumum mönnum, þá skaltu þat vita, at engi maðr í landinu var meir við mitt skap en hann ok mér líkari um alla hluti en hann var.<sup>101</sup>

og:

Nú þó at ek sé ríkr ok víðfrægr, þá em ek þó ekki vinsæll af höfðingjum í öðrum löndum; þykir ek vera nökkut harðráðr ok helsti svikall.<sup>102</sup>

Það er ótrúlegt að Hákon, sjálfur landshöfðinginn, sé látinn segja annað eins um sjálfan sig og í raun leggja áherslu á umsögn sína með því að bera Álf afturkembu við sig á þann hátt sem hann gerir – hann talar ekki beint um væntumþykju sína í garð Álfs heldur segir hann hafa verið sér að skapi. Hvað segir þetta í raun um Hákon og þá stöðu sem Finnbogi er kominn í? Getur verið að þarna sé vísað í áður nefnda ergi Álfs og að samband hafi verið á milli þeirra Hákonar í þá veru? Það er meira en líklegt þegar framvinda sögunnar er höfð í huga.

Til að gera þessa uppákomu enn spaugilegri tekur Finnbogi sig til og segist vilja bæta Hákonu tjónið sem hann varð fyrir við víg Álfs. En hann á ekki við fébætur heldur segir hann: „Nú fór ek á yðvarn fund af því, at ek vilda bjóða mik til fylgdar ok framgöngu í stað Álfs“.<sup>103</sup> Hann sem sé leggur sjálfan sig að jöfnu við Álf nema hvað hann neitar að vinna „[...] níðingsverk þau, er hann sparði ekki at gera“.<sup>104</sup> Þetta er afar kómísk staða, einkum þegar ergin er höfð í huga. Það skondnasta er hvað Finnbogi er sjálfsöruggur og kokhraustur frammi fyrir jarli, sem hann vill þó sækja til virðingu. Hann er tilbúinn að vera Hákonu allt sem Álfur var – nema „það“!

Það er grátbroslegt að þarna stendur hetja Íslendingasögu andspænis einhverjum versta landshöfðingja sem sögur fara af á þessum tíma og er tilbúin til þess að leggja sig að jöfnu við og ganga í fótspor drullusokks sem var í miklum metum hjá umræddum landshöfðingja. Hvað segir þetta um Finnboga í raun? Þarna er hreinlega búið að snúa á hvolf þeirri hefð að hetjan í Íslendingasögu fari utan og afli sér virðingar hjá virðingarverðum konungi.

Hákon er aldeilis ekki tilbúinn til að taka Finnboga í sátt og lætur hann leysa allskonar þrautir og að lokum fara í ferð fyrir sig til Jóns Grikkjakonungs til þess að

---

<sup>101</sup> *Finnboga saga*, bls. 282.

<sup>102</sup> *Finnboga saga*, bls. 286.

<sup>103</sup> *Finnboga saga*, bls. 282.

<sup>104</sup> *Finnboga saga*, bls. 282.

innheimta skuld. Finnboga tekst að leysa allar þessar þrautir og kemst að lokum í náð hjá jarli sem gerir upp við hann sakir.

### 3.7 Jökull Ingimundarson

Eftir að Finnbogi er kominn heim og sestur að á Eyri lendir hann í sífelldum vandræðum gagnvart sveitungum sínum sem í sögunni eru útskýrð sem svo að þar sé um öfund og afbrýðisemi þeirra gagnvart Finnboga að ræða. Eftir að hafa lent í deilum í Flateyjardal er Finnbogi gerður brottrækur og flytur að Borg í Víðidal en hann er alls ekki laus við frekari átök. Finnbogi kemur sér fyrir að Borg en sagan kynnir samstundis þá menn sem áttu eftir að verða mestu fjendur hans:

Ingimundr bjó at Hofi í Vatnsdal ok var inn mesti höfðingi. Var þá uppgangr sona hans sem mestr, ok váru þeir hávaðamenn miklir; hét einn Þórir, annarr Þorsteinn, þriði Jökull, ok váru inir mestu garpar. Þeir urðu mest til áleitni við Finnboga, því at þeir höldu þat eigi, at Finnbogi var frammar látinn eða formenntr þeim öllum öðrum, er þar váru vestr.<sup>105</sup>

Átök þeirra Ingimundarsona hefjast þegar Finnbogi hjálpar frænda sínum Þorkatli Sigurðssyni að biðja sér konu, Þóru dóttur Þorgríms í Bólstaðarhlíð. Jökull Ingimundarson hafði gert sér dælt við hana og fá lesendur það á tilfinninguna að samfélagið sé búið að eignu Jökli konuna þó ekki hafi hann einu sinni beðið hennar og ætli sér það líkast til ekki.

Þorkell þótti hvorki fínn né félegur pappír þó fríður sýnum væri. Hann „þótti seinligr nökkut“.<sup>106</sup> Ingimundarsonum þykir ekki mikið til hans koma og kalla hann „fífl eða afglapa“.<sup>107</sup> Þorgrímur, faðir brúðarinnar, tók bónorðinu seinlega og „[...] þótti maðr ekki sköruligr, þó penningar væru nógir“.<sup>108</sup> Þorgeiri Ljósveitningagoða líst ekki á blikuna og ráðleggur Finnboga frá því að hjálpa Þorkatli að biðja sér þessarar konu en Finnbogi hirðir lítið um þær aðvaranir. Þorkell fær konunnar og þá er fjandinn laus.

Jökull virðist í fyrstu vera hin eina sanna hetja. Honum er annt um heiður sinn og sóma, hann er af góðum og göfugum ættum og ekki skaplaus. Hann er höfðingi og maður sem lætur ekki bjóða sér hvað sem er. Hann er andstæða Þorkels að öllu leyti.

Enn segir paródían til sín. Nú er stefnt saman, í samskiptum Jökuls og Finnboga, tveimur hetjum sem þó eru ekki félegar þegar betur er að gáð. Jökull á í stórkostlegum vandræðum með að ná sér niðri á þessu „fífli ok glóp sem Þorkell er“<sup>109</sup> eins og hann orðar

---

<sup>105</sup> *Finnboga saga*, bls. 298-299.

<sup>106</sup> *Finnboga saga*, bls. 302.

<sup>107</sup> *Finnboga saga*, bls. 302.

<sup>108</sup> *Finnboga saga*, bls. 303.

<sup>109</sup> *Finnboga saga*, bls. 303.

það og Finnboga frænda hans. Jökull hefur jafnvel í hótunum við Þóru þegar hún neitar að koma heim með honum og segir við hana: „Því vil ek heita þér, svá gott sem þú hyggur til at eiga fíflit, at þú skalt skamma hríð njóta, ef ek má ráða“.<sup>110</sup> En allt kemur fyrir ekki, hann á í stökustu vandræðum með að standa við þessi orð sín og bendir það til þess að hann hafi líklega aldrei verið nein hetja í raun, hann getur ekki einu sinni unnið á hirðfífla sveitarinnar, Þorkatli.

Jökull leitar fyrst „réttar“ síns eftir áður nefnt samtal sitt við Þóru og situr fyrir Finnboga og Þorkatli þegar þeir eru að safna föngum til brúðkaupsveislunnar. Það er þá sem Finnbogi svarar Hrafni þegar hann sér spjótsoddana í fjarska: „Þat er þér mjök opt, at þú undrast þat, þó at þú sjáir menn. Þykir oss vel, hvar sem sveinar leika sér“.<sup>111</sup> Finnboga virðist þykja þetta fyndið og lítur á Jökul og menn hans sem sveina að leik. Jökull segir á þessum fundi að Þorkell hafi nú reist sér hurðarás um öxl með að ganga svo á mót sér og bræðrum sínum og ætla að giftast konu þeirri sem hann sjálfur „vildi umsjá veita“.<sup>112</sup> Finnbogi verður til svars og segir: „Þó at þér þyki Þorkell, mágr minn, ekki skjótligr mjök, þá er hann þó ekki uppburðaminni um þat, er til kvennanna heyrir, en þér garparnir“.<sup>113</sup> Finnbogi gerir þannig ekki aðeins grín að karlmennsku Jökuls heldur og karlmennsku Þorkels. Jökull leggur til Þorkels með spjótí sínu en Finnbogi er snöggur til og heggur spjótíð í sundur með sverði sínu og segir: „Mér skaltu nú fyrr mæta, Jökull, því að yðr mun forvitni á, Vatnsdælum, að vita, hvat ek má“.<sup>114</sup> Allt í einu er Jökull orðinn hetja sem níðist á minni máttar, hversu féleg er slík hetja? Það er ekki nóg með að „varðhundur“ Þorkels, Finnbogi, hafi gert lítið úr karlmennsku og kyngervi Jökuls og allra ættingja hans í orði og sagt það engu betra en fíflsins og glópsins Þorkels, heldur hefur hann líka brotið spjótíð, fallusartáknið,<sup>115</sup> sem Jökull ætlar að verja sig með og nota til þess að ná fram sínu með ofbeldi. Finnbogi getur ekki gert minna úr Jökli en orðið er, hann hefur gert karlmennsku hans að engu. Þarna eru tveir höfðingjar að kljást en annar stendur sem varðhundur lítilsiglds manns á meðan hinn þarf að verja heiður sinn gegn þeim báðum og það með því að níðast á minnimáttar. Hver er hetjan í þessum átökum?

---

<sup>110</sup> *Finnboga saga*, bls. 303.

<sup>111</sup> Sjá tilvísun 90.

<sup>112</sup> *Finnboga saga*, bls. 305.

<sup>113</sup> *Finnboga saga*, bls. 305.

<sup>114</sup> *Finnboga saga*, bls. 305.

<sup>115</sup> Þ.e. karlmennskutákn, vísun í kynfæri karlmanns. Það eru ekki aðeins spjót heldur líka sverð sem túlkuð hafa verið sem fallusartákn í fornsögunum. Sjá t.d. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir: „Hinn seki túlkandi: um tákn, túlkun og sekt í styttri gerð Gísla sögu Súrssonar“. *Gripla 12*. 2001, bls. 10.

Þetta er of góður efniviður til þess að höfundur hnykki ekki örlítið frekar á því að hann er að skopast að hetjunni og það gerir hann seinna í sögunni með miklum stæl. Það er eftir brúðkaup Þorkels og Þóru þegar Jökull kemur heim að Bólstaðarhlíð þar sem þau eru gestkomandi. Hann krefst þess að Þorkell komi út. Þorkell verður óðar við því ásamt öldruðum tengdaföður sínum, Þorgrími. Svartur nautamaður er einnig heima við. Jökull ræðst strax að Þorkatli og leggur til hans með spjóti og stefnir á hann miðjan:

Ok í því hljóp út Svartr nautamaðr ok hafði stálhúfu á höfði mikla ok ákafliga forna ok skjöld fyrir sér, en ekki hafði hann höggvápni annat en hann reiddi mykireku sína um öxl. Og er Svartr sér athöfn Jökuls, slær hann þegar til hans með rekunni ok í sundr spjótskaptit milli handa Jökli. Jökull bað hann fara þræla armastan. Svartur mælti: „Ef þú ríðr eigi skjótt á brott, skal ek slá annan við eyra þér.“<sup>116</sup>

Aftur gerist það að spjót er brotið í höndunum á Jökli þegar hann hyggst nota það til að drepa brúðguma þeirrar konu sem hann vildi sjálfur halda. Enn er fallusartáknið brotið og Jökli gert ljóst að hann kemst ekki að konunni lengur og karlmennska hans bíður afhroð.

Mesta paródían í þessu atriði er þó að Finnbogi er ekki til staðar. Í stað hans er kominn fjósamaður, þræll. Þorkell er ekki meira virði en svo að hann er varinn af manni vopnuðum mykjureku, í afkáralegum klæðnaði sem minnir um margt á Don Kíkóta, manni sem vildi vera annað og meira en hann var. Þessi maður hefur tekið sess Finnboga og varpar það skondnu ljósi á hve mikils virði staða hetjunnar Finnboga er – hana getur fjósamaðurinn, þrællinn, fyllt vandræðalaust.

Hetjan Jökull er gersigraður af mótherjum sem eru honum enganveginn samboðnir og langt fyrir neðan virðingu hans. Hinn aldraði Þorgrímur skerst loks í leikinn og segir:

„Þat er ráð, Jökull, at ríða heim; mun þér þetta verða engi sæmdarför at sinni.“ Jökull sá, at þetta mundi svá fara, með því at hann mæddi mjök blóðrás, ok þat, at Svartr stóð með reidda rekuna ok var búinn at slá hann með, ok þótti honum þat mest svívirðing.<sup>117</sup>

Þvílíkur ósigur, hvar er virðingin og sóminn sem þessi hetja hlýtur?

Öll þessi sena er til þess gerð að aftigna hetjuna. Það er ekki hægt annað en að hlæja að hetjum Finnboga sögu, sama hvernig á þær er litið. Líklegt er að allir sem heyrðu þessa frásögn forðum hafi hlegið, jafnt hátt settir sem lágt settir. En sennilega ekki af sömu ástæðu.<sup>118</sup> Maður getur ímyndað sér að þeir hátt settu hafi hlegið að fáránleikanum sem fólst í því að svona lagað gæti gerst, að þræll réðist á höfðingja, hvað þá berði vopnin úr höndum hans með fjósaskóflu og hótáði honum limlestingum. Hinir lágt settu hafa

<sup>116</sup> *Finnboga saga*, bls. 307-8.

<sup>117</sup> *Finnboga saga*, bls. 308.

<sup>118</sup> Sjá kafla 2.3 um grótesku.

hlegið að sama fátánleikanum en þá frá því sjónarhorni hvað þetta hafi verið gott á höfðingjann auk þess sem þeir hafa kannski dáðst að því að Svartur skyldi þóra. Hvernig sem á það er litið er hetjan orðin hlægileg. Svarts er hvergi annarsstaðar getið,<sup>119</sup> ekki frekar en Hrafns hins litla og Álfs afturkembu og er hann því enn eitt höfundarverk höfundar sögunnar.

Til þess að fullkomna hina grótesku frásögn af þessum atburði særir Þorkell Jökul á fæti, og gerir hann um leið ófæran um að berjast. Vegna þess hvernig Þorkell særir Jökul – stingur hann með spjóti í rist – geta lesendur ekki annað en séð Jökul fyrir sér þar sem hann heldur utan um særða fótinn, hoppar um á heila fætinum og gólar, gargar eða blótar af sársauka. Hún hefur því ekki yfir sér mikla reisn hetjan Jökull og það eina sem virðist vera eftir er að honum sé gefið duglegt spark í afturendann.

Það er engin furða þó Jökull sé orðinn nokkuð súr á manninn. Það er í tvígang búið að vanvirða hann og karlmennsku hans á allan hugsanlega máta fyrir utan hve mikil móðgun það var að Þóra skyldi ekki velja hann framyfir Þorkel. Hann leggur nú nótt við nýtan dag til að reyna að ná sér niðri á Finnboga og tekst það að nokkru leyti með níðstönginni sem hann reisir honum eftir að Finnbogi mætti ekki til hólmgöngu sökum gjörningaveðurs.<sup>120</sup>

Þegar horft er á þessar tvær hetjur, Finnboga og Jökul, er ekki hægt annað en að brosa og hrista hausinn. Jökull, þessi mikli höfðingjasonur, á í mesta basli með tvo frændur, annan aðkomumann og hinn amlóða. Þeir ná trekk í trekk að vega að heiðri og sóma Jökuls og særa hann oft en aldrei gera þeir út um málin. Þeim er ekki ætlað að gera það, þessvegna mætir Finnbogi ekki til hólmgöngunnar. Seinna í sögunni er Þorkatli skipt út fyrir Berg, systurson Finnboga, sem etur kappi við Jökul ásamt Finnboga. Þar er sama uppi á teningnum, þeim tekst að særa Jökul oft og iðulega, í eitt skipti svo að hann liggur í tvö ár í sárum sínum, en átök þeirra enda þó með því að Bergur er veginn og Finnbogi er aftur gerður brottrækur og flytur hann þá vestur á Finnbogastaði í Trékyllisvík.

### 3.8 Brandur hinn örvi og hetjan Finnbogi

Jökull sendir í þrígang menn vestur á Finnbogastaði til þess að vinna á Finnboga en alltaf sér Finnbogi við þeim, rétt eins og við Jökli. Þriðji maðurinn, Vermundur, reynist vera sakamaður Brands hins örva Vermundarsonar og tekst með þeim vinskapur svo mikill að

---

<sup>119</sup> *Finnboga saga*, bls. 307, neðanmálgrein.

<sup>120</sup> Þarna verða hvörf í sögunni og þeim hluta hefur verið gerð ágæt skil í öðrum áður nefndum ritgerðum. Sjá tilvísun 2 og 3.



Finnbogi vill ekki framselja manninn til Brands þegar eftir er leitað heldur vill hann kaupa hann lausan. Átök verða á milli Finnboga og Brands og í þeirri frásögn fer höfundur heldur betur á flug.

Vermundur sér til ferðar manna á meðan Finnbogi er sofandi: „Hann gekk þá inn ok gerði nökkut glamm, ok vaknaði Finnbogi ok spurði, hvat hann vildi. Hann sagði, hvat hann hafði sét. Finnbogi bað hann at hyggja ok kvaðst sofa verða enn“.<sup>121</sup> Finnbogi hefur ekki miklar áhyggjur af þessu og segir að vel mætti vera að menn væru á ferð og „er hingat jafnan mikil ferð á haustum at skreiðarkaupum, ok er nú ván þeira sem mest, enda má ek ekki annat en sofa sem mik lystir“.<sup>122</sup> Finnbogi sefur bara og það er ekki fyrr en Vermundur kemur í þriðja skipti og segist kenna Brand hinn örva „[...] með hálfan þriðja tög manna, vel búna at vápnum“<sup>123</sup> og biður guð um að hjálpa sér og vill gefa sig á vald Brandi að Finnbogi segir: „Ekki munu vit hvata at því at gefast upp fyrir Brandi. [...] En ek er nú fullsvefta ok skal eigi liggja lengr“<sup>124</sup>, og við það sprettur hann upp og gengur út. Hallfríður kona Finnboga sendir strák á næstu bæi til þess að ná í menn, á meðan þurfa Finnbogi og Vermundur að verjast einir. Tekur þá við dásamleg sena sem sýnir umfram annað að höfundur býr yfir herkænsku og hefur mjög þroskaðan, fyndinn og skemmtilegan stíl og kann að byggja upp spennu, hann hreinlega nýtur sín fullkomlega:

[...] „er þat ráð mitt, Brandr, at þú gangir eigi fyrstr til atsóknar í móti mér; lát heldr menn þína í frammi, meðan húskarlar mínir vinnast til.“ „Hvat húskörlum er þat?“ segir Brandr. „Sé ek ekki menn fleiri en ykkur tvá þar upp standa.“ Finnbogi segir: „Eru hér þó húskarlar mínir aðrir sex, ekki óknáligir, ok eru samnafnar miklir, því at steinar heita allir. Nú láttu í móti þeim jafnmarga þína húskarla, ok vitum, hvárir þar láti undan öðrum.“ Brandr segir, kvaðst ekki mundu bleyðast fyrir því, þó at hann hótaði þeim grjóti. Er svá sagt, at til varð einn af fylgdarmönnum Brands ok rann upp at þeim nöfnum eða eigi síðr at Finnboga með fagan skjöld ok spjót ok ætlaði at leggja til Finnboga. Hann tekur við einum steini. Þessi maðr var sterkr ok ætlaði at bera frá sér skjöldinn; en húskarl Finnboga var skjótleikinn ok fór at snart; getr hann eigi staðizt atfarar hans ok fellr á bak apr og tumber ofan í gilit, ok fékk sá þegar bana. Finnbogi spurði Brand, hversu farit hefði með þessum. Brandr kvað sinn mann hafa ekki gott af fengit.<sup>125</sup>

Þessum samskiptum þeirra Brands lýkur á því að Finnbogi notar alla „húskarla“ sína „ok hafði hverr man fyrir sik“.<sup>126</sup> Þannig tekst honum að tefja tímunn menn koma frá

---

<sup>121</sup> *Finnboga saga*, bls. 333.

<sup>122</sup> *Finnboga saga*, bls. 333.

<sup>123</sup> *Finnboga saga*, bls. 333.

<sup>124</sup> *Finnboga saga*, bls. 333.

<sup>125</sup> *Finnboga saga*, bls. 335.

<sup>126</sup> *Finnboga saga*, bls. 335.

öðrum bæjum. Þessi frásögn er í alla staði kostulega fyndin og í raun einkennandi fyrir Finnboga.

Finnbogi er höfðingjasonur og hetja sem berst iðulega með handaflinu, kutum og steinum; brýtur fólk og dýr á bak aftur og beitir brellum í átökum. Honum eru gefin vopn, þau bestu í Noregi, af velgjörðarmanni sínum Finnboga stýrimanni, þegar sá síðarnefndi deyr,<sup>127</sup> en það er eins og þau hreinlega gufi upp í sögunni þar sem hann virðist sjaldan eða nær aldrei nota vopn í átökum sínum.

Finnbogi á í stanslausum útistöðum við umhverfi sitt, þó sagan afsaki það iðulega sem öfund þess. Hann er hrakinn stað úr stað allt frá fæðingu til æviloka en alltaf talar sagan um hann sem hinn mikla kappi. Hann vinnur hvert þrekvirkið á fætur öðru og eftir eitt þeirra hlýtur hann viðurnefni sitt, hinn rammi, hjá Jóni Grikkjakonungi og í kjölfarið snýr hann aftur til Noregs og fær viðurkenningu Hákonar jarls. Hann endar ævi sína í sátt og samlyndi við guð og menn á Finnbogastöðum í Trékyllisvík, á góðri jörð með miklum hlunnindum í góðri sveit þar sem hann er vinsæll. En það er sama hvað þessi sveit er góð, hún er í jaðrinum, út úr alfaraleið, fjarri hringiðunni og því sem er að gerast í samfélaginu. Til þess að sækja Finnboga heim þarf fólk að leggja lykkju á leið sína.

Það er einmitt þarna, á jaðrinum, sem hetja, af þeirri tegund sem Finnbogi er, á að vera að mati höfundar. Hans tími er liðinn, hann á að halda sig til hlés, ekki skipta sér af því sem er að gerast í landinu og ekki hafa áhrif á framgang mála, hvorki beint né óbeint. Það er grunnboðskapur höfundar sögunnar, tími Finnboga hins ramma og félaga er einfaldlega liðinn, upp eru runnir nýir tímar.

---

<sup>127</sup> Sjá tilvísun 84.

## 4. Niðurstöður

Í þessari ritgerð hefur verið sýnt fram á að sagnahefðinni til forna hefur verið beitt markvisst gegn sjálfri sér. Saga sem hingað til hefur verið álitin léttvæg og lítilsigld reynist vera annað og meira við nánari athugun. Þegar tekið er mið af því á hvaða tíma og í hvaða samfélagsumhverfi hún er samín og rituð kemur eitt og annað athyglisvert í ljós.

Sagan er uppfull af húmor og kímni, mun meiri en tók eru á að sýna fram á hér. Vissulega getur verið að höfundur hafi einfaldlega verið að gera að gamni sínu frá upphafi til enda en þá ber að hafa í huga að öllu gamni fylgir einhver alvara.

Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd 1262 og við það breyttust valdahlutföll í landinu. Brjóta varð á bak aftur það ægivald sem dýrkun á forföðurnum, hetjunni, hafði á landsmönnum og ryðja hinum nýju valdhöfum og kristninni braut. Sögurnar af löngu gengnum hetjum sem börðust fyrir frelsi og sjálfstæði, sögur sem höfðu orðið til á nokkura alda tímabili voru í hávegum hafðar og það hamlaði yfirtöku konungs. Heiður, sómi, æra og hefnd réðu enn miklu um gjörðir manna, og fæðardeilur voru enn á 13. öld rétt eins og á þjóðveldistímanum. Kristnin, með boðskap sinn um að bjóða vinstri vangann ef slegið væri á þann hægri, hafði alls ekki náð að skjóta almennilegum rótum þó landið hefði verið kristið í tæp 300 ár þegar Noregskonungur tók það yfir.

Hvað var til ráða? Margt og eitt af því var að beita sagnahefðinni markvisst gegn sjálfri sér, láta hana vinna verkið að hluta fyrir konung og menn hans. Úr því að það sem sögurnar sögðu var svona mikilsvert fyrir landsmenn varð að brjóta hefðina niður innanfrá og það var gert með því að gera hana sjálfa fyndna. Til þess að það tækist varð að segja sögu sem beindist gegn hinni klassísku sagnahefð en þó ekki á þann hátt að henni yrði hafnað. Hún varð að virða reglur hefðarinnar til þess að geta unnið sitt verk til fullnustu. Þetta var gert með því að gera söguþráðinn, hetjuna, hefðina fyndna og aftigna hana um leið.

Tími hetju Íslendingasagnanna er liðinn þegar þarna er komið. Það er grunnboðskapur höfundar sögunnar, tími Finnboga og féлага er einfaldlega liðinn, upp eru runnir nýir tímar.

## Viðauki

### Sögupráður Finnboga sögu

#### Kaflar 1-9

Urðarköttur fæðist á Eyri, barn Ásbjarnar dettiáss og Þorgerðar systur Þorgeirs Ljósveitningagoða. Hann er borinn út og bjargað af Syrpu og Gesti á Tóptum. Hann er þriggja ára á við sex ára og sex ára á við tólf ára. Hann vinnur fyrsta þrekvirki sitt sex ára þegar hann dregur stóran fisk heim í kot. Brettingssynir hjálpa honum. Hróður hans fer víða. Hann er mikið á Eyri. Hann vekur athygli Þorgeirs og í kjölfarið kemst upp um uppruna hans og hann flytur að Eyri. Hann vinnur annað þrekvirkið þegar hann afhöfðar graðung. Ásbjörn á erfitt með að gangast við honum en þeir sættast að lokum. Urðarköttur bjargar Finnboga stýrimanni af strandstað. Þegar Finnbogi deyr arfleiðir hann Urðarkött að nafni sínu og sjálfi og til verður Finnbogi sá sem sagan fjallar um. Hrafn hinn litli kemur til sögunnar.

#### Kaflar 10-21

Finnbogi fer til Noregs. Skipið ferst. Hann kemst einn af og er hjá Bárði bónda í Grænmó á Hálogalandi. Hann vinnur þriðja þrekvirkið þegar hann drepur björn sem drap fé. Hróður hans fer víða. Hann hittir fyrir Álf afturkembu sem hann fær far með suður með Noregi. Hann drepur Álf eftir að Álfur ræðst á hann. Hann fer heim til Álfs að Sandey, segir til um drápið, fer til Hákonar jarls hins illa ásamt Ragnhildi dóttur Álfs og segir honum málavöxtu og Hákon verður lítt hrifinn. Jarlinn leggur fyrir hann þrautir. Hann vinnur fjórða og fimmta þrekvirkið við að drepa björn og blámann. Hákon sendir hann til Jóns Grikkjakonungs til að innheimta skuld. Finnboga tekst það og lofar Jóni að taka kristni þegar hún berst til Íslands. Jón nefnir Finnboga „hinn ramma“. Finnbogi sættist við Hákon, giftist Ragnhildi og fer til Íslands.

#### Kaflar 22-29

Finnbogi situr á Eyri og er vel liðinn. Hann drepur Uxa, sem var mægður við Brettingssyni. Þeir stefna Finnboga fyrir vígið en Þorgeir eyðir málið fyrir þeim. Ragnhildur og Finnbogi eiga tvo syni, Álf og Gunnbjörn. Brettingssynir sitja fyrir Finnboga. Hann sigrar. Mikil umræða á þingi og Finnbogi gerður brottrækur úr sveitinni og flytur í Víðidal. Hann er vel liðinn en lendir fljótt í deilu við Ingimundarsyni, sérstakleg þó Jökul. Ingimundarsynir voru synir Ingimundar gamla höfðingja á Hofi í Vatnsdal.

Þorvaldur moðskegg drepur syni Finnboga, Finnbogi drepur Þorvald. Ragnhildur deyr úr sorg. Ólafur Trygvason tekur við Noregi og Hákon jarl er fallinn. Finnbogi vill utan til Ólafs en Þorgeir frændi hans letur hann og hjálpar honum að eignast nýja konu, Hallfríði frá Möðruvöllum.

### **Kaflar 30-35**

Finnbogi hjálpar frænda sínum, Þorkatli, að biðja sér konu, Þóru. Jökull Ingimundarson vill fá Þóru og tekur ráðahagnum illa. Jökull situr fyrir Finnboga og Þorkatli. Hann reynir að drepa þá en Finnbogi afvopnar hann. Ingimundarsynir fara ekki til brúðkaupsins. Þorkell og Þóra fara að hitta föður Þóru. Jökull kemur á bæinn. Svartur nautamaður ræðst á Jökul og Þorkell særir hann. Bergur, frændi Finnboga, og Dalla koma til Íslands. Brúðkaup er haldið í sveitinni. Finnbogi og Bergur lenda í erfiðleikum á leiðinni. Bergur rífst við Ingimundarbræður. Jökull skorar Finnboga á hólm. Finnbogi mætir ekki til hólmgöngunnar vegna óveðurs sem Dalla veldur en Jökull mætir. Hann reisir Finnboga níðstöng. Finnbogi og Hallfríður eiga þrjá syni, Gunnbjörn, Þóri og Eyjólf. Bergur vill til Noregs. Jökull fellir Berg. Finnbogi særir Jökul illa. Dalla tekur Gunnbjörn með sér út. Rauður víkingur vill giftast Döllu en Gunnbjörn þvælist fyrir og endar með því að skera höfuðið af Rauði.

### **Kaflar 36-43**

Kristni er lögtekin á Íslandi. Finnbogi tekur kristni. Finnbogi og Hallfríður eignast son, Berg. Finnbogi og Bersi, frændi Ingimundarsona, deila. Ásbjörn deyr. Finnbogi sannar hreysti sína. Finnbogi og Hallfríður eignast son, Ásbjörn. Gunnbjörn kemur til Íslands. Gunnbjörn glímir við Jökul heima hjá Bersa. Endar á því að Jökull vill berjast en ekkert verður úr bardaga. Jökull situr fyrir Gunnbirni en Finnbogi kemur til hjálpar og særir Jökul. Finnbogi fellir Bersa. Málið er tekið upp á Alþingi. Finnbogi og Jökull sættast ekki. Finnbogi er gerður brottrækur úr Víðidal og flytur að Finnbogastöðum í Trékyllisvík. Hann er vel liðinn. Jökull sendir þrjá menn til Finnboga, hvern á eftir öðrum, til þess að drepa hann. Finnbogi drepur tvo fyrstu en sættist við þann þriðja, Vermund, sem er sekur maður og hjálpar honum að ná sáttum við Brand hinn örva sem vill fá sakamann sinn og eftir snarpan „húskarla“-bardaga nást sættir. Finnbogi sættist við Ingimundarsyni og fær uppreist æru á þingi. Finnbogi má fara aftur til Víðidals en hann vill það ekki og situr til æviloka á Finnbogastöðum.

## Heimildaskrá:

- Ásdís Haraldsdóttir. 1980. „Samskipti Finnboga ramma og Ingimundarsona í Finnboga sögu annars vegar og Vatnsdæla sögu hins vegar.“ [Óprentuð námsritgerð til BA-prófs í íslensku.] Landsbókasafn-Háskólabókasafn, Reykjavík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Bakhtin, Mikhail. 1968. *Rabelais and his world*. Cambridge, Massachusettes.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 2001. „Hinn seki túlkandi: um tákn, túlkun og sekt í styttri gerð Gísla sögu Súrssonar“ *Gripla 12*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 1998. „Egill lítt nam skilja ..., Um hetjukvæði Steinunnar Finnsdóttur“, *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 2001. „,,, ... hvers leitar skiftingur þinn í rassgörn þessari?“ Fáeinar athugasemdir um skáld, skáldskap, háð og spé í Gerplu“, *Heimur skáldsögunnar*, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Dentith, Simon. 2000. *Parody*. Routledge, London, New York.
- Finnboga saga. Íslensk fornrit XIV. bindi*. Jóhannes Halldórsson gaf út og skrifaði formála. 1939. Hið Íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Gísli Sigurðsson. 1993. „Aðrir áheyrendur - önnur saga? Um ólíkar frásagnir Vatnsdælu og Finnboga sögu af sömu atburðum“, *Skáldskaparmál 3*. Stafaholt, Reykjavík.
- Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. 1992. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.
- Gunnlaugs saga*. 1938. *Íslensk fornrit III. bindi*. Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út, Sig. Nordal skrifaði formála. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Halldór Guðmundsson. 1990. „Skáldsöguvitund í Íslendingasögum“, *Skáldskaparmál 1*. Stafaholt, Reykjavík.
- Helga Kress. 1987. „Bróklindi Falgeirs“, *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. Hið Íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Helgi Þorláksson. 1997. „Konungsvald og hefnd“ *Sagas and the Norwegian Experience, Sagaene og Noreg. 10th International Saga Conference*. 1997. NTNU Noregs teknisk-naturvitskapelege universitet, Þrándheimur.
- Hutcheon, Linda. 1985. *A Theory of Parody. The Teaching of Twentieth-Century Art Forms*. Methuen, New York/London.
- Hutcheon, Linda. 1995. *Irony's edge. The theory and politics of irony*. Routledge, London and New York.
- Íslensk orðabók*. 1996. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Jakob Benediktsson. 1983. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning, Reykjavík.

- Jón Karl Helgason. 1998. *Hetjan og höfundurinn. Brot úr íslenskri menningarsögu*. Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Jón Jóhannesson. 1958. *Íslendingasaga II. bindi*. Almenna bókafélagið, Útgáfustað vantar.
- Kjalnesinga saga. Íslensk fornrit XIV. bindi*. Jóhannes Halldórsson gaf út og skrifaði formála. Hið Íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Sigríður Steinbjörnsdóttir. 1992. „Hetja á horfnu sviði. Athugun á hetjuímynd Finnboga sögu ramma“, [óútgefin ritgerð].
- Sigurður Nordal. 1968. Um íslenskar fornsögur. Árni Björnsson þýddi. Mál og menning, Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1991. *Heimskringla fyrra bindi*. Ritsjörn Bergljót S Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Soffía Guðný Guðmundsdóttir. 2002. *Innviðir Finnboga sögu*. [Óprentuð námsritgerð til BA-prófs í íslensku.] Landsbókasafn-Háskólabókasafn, Reykjavík.
- Stofnun Árna Magnússonar, ams.is, sótt 13. ágúst 2009:  
[http://www.am.hi.is/handritasafn/handrit/modruvallabok\\_AM132fol.php](http://www.am.hi.is/handritasafn/handrit/modruvallabok_AM132fol.php)
- Svanhildur Óskarsdóttir. 1994. „Dáið þér Ynglinga? Gróteskar hneigðir Þjóðólfs úr Hvini“ *Sagnaþing, síðari hluti, helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Svava Jakobsdóttir. 1982. *Gefið hvort öðru – sögur*. Iðunn, Reykjavík.
- Vatnsdæla saga. Íslensk fornrit VIII. bindi*. Einar Ólafur Sveinsson skrifaði formála. 1939. Hið Íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Vésteinn Ólason. 1998. *Samræður við söguöld. Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd*. Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Viðar Hreinsson. 1992. „Hver er þessi Grettir?“. *Skáldskaparmál 2*. Stafaholt, Reykjavík.